

---

# FORNLEIFAÚTTEKT VEGNA FYRIRHUGAÐS JARÐSTRENGS Í REYKJADAL, BÁRÐARDAL OG FNJÓSKADAL

---



**RITSTJÓRI: KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR**

HÖFUNDAR EFNIS: GYLFI HELGASON, KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR & KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

---

REYKJAVÍK 2022  
FS872-21411

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Forsíðumynd er af brú SP-661:053 í landi Helgastaða. Myndina tók Kristborg Þórsdóttir.*

©2022

FÖRNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)



## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðar lagningar á jarðstreng í Reykjadal, Bárðardal og Fnjóskadal í sveitarfélaginu Þingeyjarsveit. Skráningin var unnin að beiðni RARIK. Deiliskráningarsvæðið sem tekið var út haustið 2021 var samanlagt um 30,3 km langt og skiptist í sjö hluta. Í öllum tilfellum var tekið út 30 m breitt belti og það gengið skipulega við úttektina.

Vettvangsvinna fór fram í nóvember 2021. Innan áhrifasvæðis voru samanlagt skráðar 73 fornleifar á 64 minjastöðum, þar af 67 fornleifar sem metnar voru í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

*Efnisorð:* Fornleifaskráning, deiliskráning, jarðstrengur, Reykjadalur, Bárðardalur, Fnjóskadalur, Fornleifastofnun Íslands

## Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in November 2021 in Reykjadalur, Bárðardalur and Fnjóskadalur, in Þingeyjarsveit municipality. The survey was commissioned by the Iceland State Electricity (RARIK) in relation to a new underground power line in the municipality. The survey was carried out within seven areas, all 30 m wide and in total about 30,3 km long. In all 73 archaeological sites were surveyed at 64 locations, including 67 sites considered to be at high risk.

*Keywords:* Archaeology, detailed survey, powerline, Reykjadalur, Bárðardalur, Fnjóskadalur, Institute of Archaeology in Iceland



# Efnisyfirlit

<b>I. Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf</b> .....	<b>5</b>
<b>III. Aðferðir við fornleifaskráningu</b> .....	<b>7</b>
SP-068 Háls.....	11
SP-163 Eyjadalsá .....	14
SP-164 Hvarf.....	20
SP-165 Hlíðarendi.....	24
SP-263 Sýrnes.....	28
SP-264 Hólkot .....	32
SP-266 Höskuldstaðir .....	37
SP-267 Helgastaðir.....	40
SP-269 Hamrar .....	44
SP-272 Einarstaðir .....	46
SP-278 Kvígyndisdalur.....	50
SP-282 Narfastaðir .....	53
SP-284 Stafn .....	54
SP-285 Viðar .....	59
SP-286 Márskot.....	63
SP-290 Stóru-Laugar .....	67
SP-292 Öndólfstaðir.....	72
SP-294 Haldórstaðir.....	77
SP-661 Fornleifar á fleiri en 1 jörð .....	78
<b>V. Niðurstöður og umræða</b> .....	<b>81</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>92</b>
<b>Viðauki I: Hnitaskrá ISN93</b> .....	<b>95</b>
<b>Viðauki II: Minjakort</b> .....	<b>97</b>



## I. Inngangur

Á haustdögum 2021 fór RARIK þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa á fyrirhugaðri strengleið í Reykjadal, Bárðardal og Fnjóskadal í sveitarfélaginu Þingeyjarsveit. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands skráð fornleifar á afmörkuðum svæðum í Reykjadal<sup>1</sup> og var stuðst við þau gögn eftir þörfum auk skýrslu sem Byggyðasafn Skagfirðinga gaf út árið 2018 um fornleifaskráningu í landi Víða í Reykjadal.<sup>2</sup> Fornleifastofnun hefur unnið heimildaskráningu á þeim svæðum sem voru til skoðunar í Þingeyjarsveit og nýttist hún vel í verkinu.<sup>3</sup>

Úttektarsvæðin voru alls sjö og voru fimm þeirra í Reykjadal en eitt í Bárðardal og eitt í Fnjóskadal. Svæðin voru öll 30 m að breidd, 15 m til beggja átta frá miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Heildarlengd úttektarsvæða var um 30,3 km. Á þeim svæðum þar sem sjáanlegt þótti á vettvangi að fyrirhugaður jarðstrengur myndi raska fornleifum ef engar breytingar yrðu gerðar var nærliggjandi umhverfi einnig athugað með tilliti til mögulegrar færslu á strengleið. Svæðin sem um ræðir eru:

### Reykjadalur


1. Frá Sýrnesi að Einarstöðum. Tekið var út um 9640 m langt svæði sem lá í gegnum lönd jarðanna Sýrness, Hólkots, Höskuldsstaða, Pálmholts, Helgastaða, Hamra, Glaumbæjar, Grundargils, Vallakots og Einarstaða.
2. Frá Hlíðarholti gegnum lönd Einarstaða og Jaðars að Kvígindisdal. Tekið var út um 2380 m langt svæði meðfram þjóðvegi 1 og heimreið að Kvígindisdal.
3. Frá Halldórsstöðum að Laugum. Tekið var út um 4790 m langt svæði sem lá í gegnum lönd jarðanna Halldórsstaða, Akra, Öndólfstaða, Stórulauga, Laugavalla og að Laugaskóla, að mestu meðfram Austurhlíðarvegi.
4. Frá Narfastöðum, gegnum lönd Vallholts og Valla að Stafni. Tekið var út um 5140 m langt svæði, að mestu meðfram Stafnsvegi.
5. Í landi Víða og Máskots. Tekið var út um 2910 m langt Z-laga svæði sem lá að stærstum hluta meðfram vegi milli jarðanna.

---

<sup>1</sup> Birna Lárusdóttir 2002; *ÍSLEIF*, gagnagrunnur um fornleifar.

<sup>2</sup> Bryndís Zoëga & Guðný Zoëga 2018.

<sup>3</sup> Guðrún Alda Gísladóttir 2002; Guðrún Alda Gísladóttir & Orri Vésteinsson 2001; Hildur Gestsdóttir & Sædís Gunnarsdóttir 2001.



*Staðsetning úttektarsvæða í Reykjadal, Bárðardal og Fnjóskadal.*

### **Bárðardalur**

6. Frá Hvarfi, gegnum land Eyjadalsár, að Hlíðarenda. Tekið var út um 4180 m langt svæði um 180-530 m ofan (vestan) við Bárðardalsveg vestari.

### **Fnjóskadalur**

7. Í landi jarðarinnar Háls og á merkjum Háls og Vagla. Tekið var út um 1280 m langt svæði frá bæjarstæði Háls, til suðvesturs yfir tún jarðarinnar og áfram meðfram Vaglaskógarvegi.

Vettvangsrannsókn fór fram í byrjun nóvember 2021 og var snjór yfir öllu í Reykjadal en þó var hann ekki það mikill að kæmi að sök við vettvangsúttekt. Gengið var skipulega um úttektarsvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki. Alls voru skráðar 73 fornleifar á 64 minjastöðum. Um vettvangsvinnu sáu Gylfi Helgason, Kristborg Þórsdóttir og Kristjana Vilhjálmisdóttir, fornleifafraeðingar. Kristjana sá einnig um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kaffa er farið yfir skráninga-



kerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kafli er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem eru innan deiliskráningarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).



## II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna

völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### III. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SP, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingannúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001\_01). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernjar jarðar.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens    Númer fornleifar á tiltekinni jörð    Sérheiti    Tegund    Hlutverk    Hnattstaða í landsnitakerfi ISN93

Sýslutákn    **SF-175-009**    **Sveinshlaða**    **tóft**    **hlaða**    **E: 528751 N: 352323**



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppþéling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

→ Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

*Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.*

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,

hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Georexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Allar minjastaðir innan úttektarsvæðis töldust í stórhættu vegna framkvæmda. Þar sem úttektarsvæði náði inn á helgunarsvæði fornleifa, þ.e. 15 m frá fornleif eða nær, var minjastaðurinn metinn í hættu vegna framkvæmda.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

### Skýringar á uppmælingum

● fornleif	--- gata	□ úttekarsvæði
□ bæjarhóll	— kantur	— fyrirhugaður jarðstrengur
▨ grjót	--- óljóst	□ áhrifasvæði eftir uppfærslu
■ torf	--- þúst	— fyrirhugaður jarðstrengur eftir uppfærslu
▨ torf og grjót	--- leið af loftmynd	
□ þúst	■ fornleif af loftmynd	

*Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.*



Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttekta-svæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni. Í nokkrum tilvikum lágu úttekta-svæði að hluta yfir umfangsmikla minjastaði með fjölda fornleifa. Vegna takmarkaðs tíma á vettvangi var aðeins þeim minjaeiningum lýst sem úttekta-svæðið náði yfir eða voru innan við 15 m frá mörkum svæðisins. Aðrar fornleifar sem tilheyra minjastöðunum voru aðeins grófllega mældar upp til að ná utan um umfang þeirra.



## IV. Fornleifaskrá

### SP-068 Háls

1712: Jarðardýrleiki óviss. Kirkjustaður og beneficium. JÁM XI, 91.

1847: 20 hdr. JJ, 317.

Kirkjustaður og prestsetur frá því á Þjóðveldistímanum: „Prestar voru áður mjög þaulsætnir á Hálsi og fluttu þaðan fái.“ LP I, 161. Þingstaður á Leiðarnesi á Þjóðveldisöld og á Hálsi var þingstaður hreppsins fram á 20. öld.

1712 voru eyðihjáleigur: Maríugerði, Akur, Blómsturvellir og Leiðarnes. JÁM XI, 91.

Nýbýli: Háls II, óskiptur hluti prestsetursjaðarinnar byggt 1961. BBSÞ, 119.

Túnakort 1918: Tún 8,1 ha. þar af sléttað 1/3. Sáðreitir 90 m².

„Túninu spillir aur og grjót, sem hleypur á það með smáskriðum úr brattlendi á vorin, sem þó verður afræktað. Engið er bæði slitrótt og smáfengið og viði vaxið, og spillist þar með af skriðum úr fjallinu. Úthagar eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum.“ JÁM XI, 91.

„Háls hefur jafnan þótt ágæt sauðjörð, en engi er ekki nærtækt og túnið hólótt og harðbalalegt [...]. [Um eyðingu Hálsskógar og áhrif þess á landið:] Víst er um það, að Hálsskógur eyðist mest á síðari hluta 18. aldar; þó segir [J]ÁM, að hann sé farinn mjög að feyskjast 1712. En af öðrum heimildum má ráða, að skógar skemmdust mjög í öskufalli 1755 og aftur 1783. Sr. Jón [Þorgrímsson prestur í Hálsi 1739-1798 eða 59 ár] viðurkennir að hafa látið flytja brott stórviði, sem fallnir voru og fallandi. Á mörgum sögnum sést, að hinir smærri bæir voru á þeim árum nær einvörðu byggðir úr íslensku birki, bæði sperrur og raftar, en um þiljur var þá lítið að ræða. Skógurinn hefur einnig bjargað fénaði, eigi aðeins til beitar, heldur var lim og börkur notað til gjafar fénaði. Á dögum sr. Jóns var hvað eftir annað fénaðarfellir og síðan mannfali af hungri, en hungraður ölmuhópur fór í stórhópum um hérað. Dómur sögunnar hlýtur að verða sá, að náttúruöflin áttu frumsök á eyðingu skógarins, en sr. Jón varði hinum fallandi skógi til bjargar sóknarbörnum sínum. Þegar skóguinn var fallinn eftir 1800, voru örlög jarðvegarins auðsæ. Þarna var þurrleitt og jarðvegurinn blés fyrir vestanvindum, sem náði undirtökunum við Fnjóská og í stað hins víðlenda skógar komu hinar ömurlegu melauðnir, sem nú blasa við auga af Þjóðveginum.“ LP I, 161.

„Háls er landmikil jörð, á land vestur að Fnjóská, og er hluti þess innan girðinga Skógræktar ríkisins. Víðáttumikið ræktunarland á jörðin í Ljósavatnsskarði, sem markast af Þingmannalæk að norðan og austan og nær að Beinagili við Birningsstaði.“ BBSÞ, 118.



*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Háls SP-068 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.*

**SP-068:060** heimild um túngarð

551663 582678

Á túnakorti frá 1918 er sýndur túngarður og/eða girðing umhverfis heimatúnið á Hálsi. Líttill hluti hans lendir innan áhrifasvæðis rafstrengs sem fyrirhugað er að leggja í jörði í landi Háls. Þar sem garðurinn lá er annars vegar sléttað tún og hins vegar liggur akvegur nokkuð vestan við núverandi bæjarstæði jarðarinnar. Þar sem gamla heimatúnið var hallað landinu smávægilega til norðurs. Túnið hefur veri fært út til norðurs og austurs er og er sléttað og í rækt.

Á loftmyndum má sjá leifar af túngarðinum meðfram suðurjaðri túnsins en annars staðar sjást engin ummerki vegna sléttunar. Garðurinn sést ekki innan áhrifasvæðis rafstrengs sem liggur yfir norðvesturhorn hans. Leifar af garðinum kunna enn að leynast undir sverði þar sem búið er að slétta yfir hann.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-068:063** heimild um leið

551589 582589

Á túnakorti frá 1918 er sýnd leið sem liggur þvert í gegnum sunnanvert túnið á Hálsi, milli kirkju 002 og bæjar 001.

Heimatúnið á Hálsi er sléttað og hefur verið fært út til norðurs og austurs. Móinn vestan við túnið hefur verið sléttaður að hluta og þar er einnig rask vegna vegagerðar.

Ummerkja um leiðina var leitað vestan og norðvestan við túnið þar sem fyrirhugað er að leggja rafstreng í jörðu. Ekki sjást skýrar götur innan áhrifasvæðis framkvæmdanna, líklega vegna sléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

## SP-163 Eyjadalsá

1712: Jarðardýrleiki óviss. Kirkjustaður og beneficium. JÁM XI, 136.

1847: 12 hdr. JJ, 322.

11. öld: „Steinn hét prestur, er bjó at Eyjardalsá í Bárðardal [...],“ segir í Grettis sögu. ÍF VII, 209.

1318: Máldagi kirkjunnar: „Ad Eyardals aa. aa kýrckia i heimalandi xxx. hundrada.“ DI II, 438.

1394: Máldagi kirkjunnar: „Hun ä j heimalandi. xxx. Hundrud.“ DI III, 558.

8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: gefur kirkjunni kúgildi. DI III, 685.

[1429]: [1] prestur. DI IV, 380.

[1461] 1 prestur. DI V, 359.

Túnakort 1918: 8.6 ha, 4/5 slétt. Sáðreitir 224 m<sup>2</sup>.

„Túninu spilla smá lækir úr fjallinu með leirs og sands áburði, og so vatnsuppgangur sem jetur úr rótina til skaða. Engjar eru á dreif um allt fjallið með smáblettum hingað og þangað, mjög slitrótt og ilt að vinna.“ JÁM XI, 137.

### SP-163:029\_02 garðlag túngarður

567181 571129

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 segir: „Ytraeydalsár Sel kallast nú stekkjastæði staðarins [sjá 015] út frá staðnum, þar er lítil girðing í kríng, og ekki so stór að þetta hafi verið byggt ból. Fyrir hjer um 50 árum var hjer i maður um i ár og hafði það eina af grasnyt sem staðarhaldarinn aflagði, en hefur hvorki byggt áður nje síðan í manna minni, má og ekki byggjast fyrir heyskaparleysi.“



Túngarður 029\_02, horft til norðvesturs.


Ytraeyjadalsársel er nú innan jarðarinnar Hvarfs SP-164 og liggur merkjagirðing milli jarð-anna í gegnum syðsta hluta minjasvæðisins. Á þessum stað sjást miklar minjar, þar á meðal voldugur vallargarður með sambyggðu gerði. Umfang minjanna gefur til kynna að þarna hafi verið býli í eina tíð og bendir útlit þeirra og gróðurfar til þess að það gæti verið frá miðöldum en ekkert er vitað með vissu um aldurinn. Ekki er er vitað hvort haft hafi verið í seli á staðnum eftir að býli



þar leggst í eyði eða hvort býlið byggist upp á rústum selsins. Yngri stekkjartóft 015\_01 auk garðbrots 015\_02 og sambyggðri tóft 015\_03 eru á suðausturhluta þess svæðis sem túngarðurinn afmarkar. Innan garðs eru fimm tóftir en óvíst er hvort einhver þeirra hefur verið bær/sel og líklegt er að stekkur 015\_01 hafi verið byggður á bæjarstæðinu. Að auki er ein tóft utan og sunnan við minjasvæðið en breytingar virðast hafa verið gerðar á túngarðinum þannig að hún kann að hafa verið innan hans fyrir breytingar. Aðeins var hluti þessa minjasvæðis skráð á vettvangi snemma vetrar 2021. Aðeins þær minjar sem lentu innan áhrifasvæðis fyrirhugaðar raflagnar um norðvestanverðan Bárðardal voru skráðar

en aðrar minjar sem hægt var að sjá á vettvangi og af loftmyndum voru staðsettar og mældar upp gróflega án þess að þeim væri lýst nánar. Minjarnar eru á svæði sem 240 x 140 m stórt og snýr norður-suður. Innan þess er önnur minjaheild 015 sem áður er getið (stekkur og tengd mannvirki). Við fyrstu skoðun virðast því níu minjar tengjast býlinu/selinu en hér er aðeins gerð ítarleg grein fyrir túngarði 029\_02 og sambyggðu gerði 029\_03.

Túngarður afmarkar tún býlisins að vestanverðu og sunnanverðu en vísbendingar eru um að túnið hafi áður verið stærra og náð lengra til suðurs. Sýnilegir hlutar túngarðsins afmarka svæði sem er 140 x 115 stórt og snýr norður-suður. Farvegur Stekkjargils, eða lækjarfarvegur sem liggur úr því til norðausturs, afmarkar túnið til norðvesturs og er líklegt að garðurinn hafi verið á brún hans en sést þar ekki lengur. Af aðstæðum og landslagi má áætla að túnið hafi verið um 160 m breitt og 220 langt en sem fyrr segir er mögulegt að það hafi áður náð lengra til suðurs og er þá allt að 280 m langt. Frá suðvesturhorni túnsins liggur mjög óljós garður



*Minjasvæði SP-163:015 og SP-163:029.*

áfram 37 m til SSA og heldur stefnu garðsins á vesturhlið túnsins. Þessi garður hættir að sjást við alldjúpt lækjargil. Um 30 m neðar og austar er annar garður, mun greinilegri, sem liggur frá suðurhlið túngarðsins til SSA og er 14 m langur. Ef til vill hafa þessir garðhlutar myndað gerði utan við túnið eða eru hluti af eldri útgáfum af túngarðinum. Þar sem neðri garðurinn liggur af túngarði til suðurs eru óljós ummerki við innanverðan túngarðinn um sambyggt mannvirki. Þar gengur stutt hleðsla til norðurs frá garðinum. Mögulega hefur það myndast vegna rasks en búið er að raska garðinum og nánasta umhverfi hans með nýlegri girðingu en ætla má að girðing hafi lengi verið þarna á merkjum milli Hvarfs og Eyjadalsár. Garðurinn er 0,5-0,6 m á hæð þar sem hann sést best meðfram vesturjaðri túnsins og er innri brúnin hærri en sú ytri þar sem garðurinn er í halla til austurs. Garðurinn er rofinn þar sem lækjargil skera túnið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-163:029\_03** gerði rétt

567175 571133

Stórt torfhlaðið gerði er sambyggt utanverðum túngarði 029\_02 í norð-vesturhorni túnsins. Það er 23 x 12 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. SSA-endi þess er frammi á brún lækjargils og er aflagaður. Veggjahleðslur í gerðinu eru litlu umfangsminni en í túngarðinum, eru svipaðar á breidd en lægri eða 0,3-0,4 m. Svo virðist sem að op sé inn í gerðið í NNA-horni. Líklegt er að gerðið hafi verið notað sem rétt en einnig kemur til greina að innan þess hafi verið sértæk ræktun og að það hafi verið nýtt sem akurgerði.



*Gerði 029\_03, horft til NNA.*


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-163:030** tóft óþekkt

567828 569558

Tóft er um 600 m SSA af bæ 001 og um 120 m vestur af Eyjardalsá, Tóftin er um 1,5 m austan við mörk úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um norðvestanverðan Bárðardal.

Tóftin er í smáþýfðum grasmóa í aflíðandi halla til austurs. Lækur rennur til ANA um 7 m sunnan við tóftina.



*Tóft 030, horft til austurs á ljósmynd.*


Tóftin er grasi gróin, alls um 20 x 15 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt og er nyrðra hólfíð um 13 x 3 m að innanmáli en það syðra um 15,5 x 4 m. Op er hugsanlega á syðra hólfinu til austurs. Veggir eru víðast 1,7-3 m á breidd, breiðari í syðra hólfinu. Hæð veggja nyrst er um 20 cm en veggir í syðra hólfinu rísa hærra, og eru um 30-50 cm. Nyrðra hólfíð er óskýrara en það syðra og eru veggir mikið gengnir í þúfur en sléttara er þó innan þess en syðra hólfins. Stórþýfðara er fast vestan við tóftina en annars staðar umhverfis hana en engar skýrar útlínur mannvirkja eru þar sjáanlegar. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en mögulega er um að ræða beitarhús með hlöðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-163:031** tóft+garðlag óþekkt

567890 569384

Tóft er um 795 m SSA af bæ 001 og um 90 m vestur af Eyjardalsá. Tóftin er um 2,5 m austan við mörk úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um norðvestanverðan Bárðardal.



*Tóft 031, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er í smápýfðum grasmóa en beint austur af tóftinni er brekka niður að áreyrum grónum lyngi og fjalldrapa.

Tóftin grasi gróin. Hún er einföld, um 7 x 6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru víðast 1,5-2,5 m á breidd og um 80 cm á hæð en tóftin er grafin inn í hól að austanverðu. Garðlag, um 30 cm hátt og 0,5-1 m breitt, liggur frá norðurhorni tóftarinnar í um 6 m. Stórþýft er fast suður af tóftinni en engar skýrar útlínur mannvirkja eru þar sjáanlegar. Útlit tóftarinnar gefur ekki til kynna hvert hlutverk hennar hefur verið og er það því óþekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-163:032** gata leið

567918 569291

Gata liggur yfir úttekarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um norðvestanverðan Bárðardal, um 900 m SSA af bæ 001 og um 60 m norðvestur af Eyjadalsá. Ekki er útilokað að hér sé um kindagötu að ræða.



*Leið 032, horft til suðvesturs.*

Gatan liggur um smápýfðan grasmóa og deigt mýrlendi. Vestast á svæðinu eru hlíðar í halla til VNV en austast eru ár-eyrar grónar lyngi og fjalldrapa.

Gatan er um 10 cm djúp og 20 cm

breið. Hún liggur frá götum á óskráðri leið sem liggur meðfram Eyjadalsá til suðausturs en sveigir síðan til VSV og liggur meðfram læk sem rennur niður hlíðarnar. Á loftmynd má alls rekja leiðina um 235 m þar til vesturendi hennar fjarar út. Ekki er ljóst hvaðan eða hvert leiðin liggur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-163:033\_01** tóft óþekkt


567789 569725

Tóft 033\_01 og þúst 033\_02 eru um 440 m SSA af bæ 001, um 14 m suður af syðri mörkum túns. Minjarnar ná yfir svæði sem er alls um 15 x 10 m að stærð og er næst um 14 m austur af miðlínu úttekarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um norðvestanverðan Bárðardal.

Stórþýft mólendi er umhverfis minjarnar, gróið grasi, lyngi og fjalldrapa. Skurður sem liggur austur-vestur er um 10 m norður af tóft 033\_01.

Lýsingin hefst á tóft 033\_01 sem er grasi gróin. Hún er 7 x 5,5 m að stærð og snýr ANA-VSV.





*Tóft 033\_01 og þúst 033\_02, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er einföld og er um 3,5 x 2,5 m að innanmáli en breidd veggja er víðast á bilinu 1-2 m. Hæð veggja er um 40-50 cm. Enginn inngangur er sjáanlegur og er hlutverk tóftarinnar óþekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-163:033\_02** þúst óþekkt

567791 569721

Fast sunnan við tóft 033\_01 er þúst. Þústin er um 10 x 9 m að stærð, 50 cm á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Í henni eru dældir en þústin er mjög stórþýfð og er ekki hægt að greina skýrt innanmál hólfa. Ekki er öruggt að hér sé um mannvistarleifar að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## SP-164 Hvarf

1712: „Hvarf kallast fornt eyðiból í staðarlandinu utarlega, og atla menn að sú jörð hafi eyðilagst í stóru plágunni [...]. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskarleysi.“ JÁM XI, 138.

1830 segir að Hvarf sé byggt úr heimalandi Eyjardals. SSP, 99.

„Hvarf er fornt býli er fór í eyði í Svaradauða [svo] var endurbyggt 1800.“ HJ, 264.

Túnakort 1918: Tún 3.5 ha, 5/6 slétt.

### SP-164:017\_01 tóft beitarhús

567026 571466

Fast norðan við Ytra-Grjótlækjargil eru allfornlegar minjar auk yngri minja í bland. Sléttað tún er norðan við minjarnar sem eru um 540 m sunnan við bæ 001. Innan svæðis sem er 75 x 28 m stórt og snýr austur-vestur eru þrjár fornlegar tóftir (01, 03-04) og ein talsvert yngri tóft (02). Tóft 017\_04 er utan þess svæðis sem var til skoðunar vegna áforma um lagningu jarðstrengs veturinn 2021. Götur á leið 018 liggja í gegnum svæðið.




*Beitarhús 017\_01, horft til suðausturs.*

Minjarnar eru í þýfðum lyngmóa í aflíðandi halla til austurs.

Lýsingin hefst vestast og efst á fornlegri tóft 017\_01. Hún virðist vera af beitarhúsum en yngri tóft 017\_02 hefur verið byggð ofan í hana að norðanverðu og raskað henni í seinni tíð. Tóftin er 21 x 16 m stór, snýr NNV-SSA. Hún er breiðust í NNV-enda en er helmingi mjórri í SSA-hlutanum. Þar hefur brotnað af tóftinni í suðurhorni ofan í Ytra-Grjótlækjargil. Stórt, aflangt hól er í SSA-hlutanum sem virðist óraskaður af seinni tíma framkvæmdum en þó hefur gömul girðing legið þvert yfir það og er lítilsháttar hleðsla undir henni þar sem hún lá yfir hólfíð. Það er 10 x 3,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Innanmálið er nokkuð skýrt ef frá er talinn SSA-gaflinn. Hólfið gryn timer eftir því sem lengra dregur til norðurs. Mögulega hefur verið op í NNA-horni. NNV-hluti tóftarinnar er dýpri og sá hluti virðist hafa verið í notkun lengur en SSA-hlutinn, að minnsta kosti er gróskumeiri grasgróður þar en annarsstaðar. Einnig kemur vel til greina að hólfaskiptingin sé yngri breyting á eldri tóft. Í þessum hluta eru þrjú hólf sem eru svipað stór, 3-3,5 x 1,5-2 m að innanmáli og snúa þvert á legu tóftar. Tóft 017\_02 er ANA við þessi hólf og stendur hærra en þau. Breitt op eða rof er á





*Minjasvæði 017 og leið 018.*

NNV-hlið tóftarinnar sem er líklega seinni tíma rask. Tóftin er byggð inn í aflíðandi hallann og er ytri brún á VSV-hlið hennar mjög lág. ANA-langhliðin er 0,5-0,6 m á hæð. Tóftin er algróin og hvergi sést í grjóti í veggjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-164:017\_02** tóft óþekkt

567031 571471



*Tóft 017\_02, horft til vesturs.*

Lítill tóft 017\_02 er byggð ofan NNA-horn á eldri tóft 017\_01. Hún er einföld, 4,5 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Óljóst op er á henni í norðvestur-horni. Líklegt er að eitt eða tvö af litlum hólfum í NNV-enda eldri tóftar hafi verið nýtt samtímis þessari tóft og gefur grasgróður það einkum til kynna. Á það sérstaklega við um hólfid sem er næst tóftinni til VSV. Tóftin virðist torf-hlaðin og eru veggir hennar 0,2-0,5 m á

hæð, signastir í suðvesturhorni. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi. Mögulega er hún af fjárhúskofa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-164:017\_03** tóft beitarhús

567071 571461

Stór og stæðileg þrískipt beitarhúsatóft með garða er á flötum stalli í aflíðandi hallanum til austurs, 25 m ASA við tóft 017\_01 og 9 m vestan við niðurgrafna tóft 017\_03. Tóftin er lyngi vaxin og nokkuð fornleg. Hún er 26,5 m löng (norður-suður) og víðast er hún 9 m breið en hólf gengur út frá tóftinni upp í hallann til vesturs frá suðurenda fjárhúshlutans. Þar er tóftin 16,5 m breið. Samansigið op er á miðjum norðurgaffi tóftarinnar inn í fjárhús sem eru 17,5 x 4,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Garðinn eftir þeim endilöngum er 1,5 m breiður og 0,2-0,3 m á hæð. Nokkuð þýft er innan fjárhúsanna og innri brún austurhliðar mjög sigin. Op er úr fjárhúsum eftir mjóum göngum til vesturs sem eru 5 m löng og liggja inn í skýrt afmarkað hólf sem er að miklu leyti grafið inn í hallann, líkt og vesturhlið tóftarinnar allrar. Það hólf er 3,5 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í suðurenda tóftar er lítið hólf sem hefur mjórri og lægri veggir en aðrir hlutar tóftarinnar. Það er 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er op á því og líklegt að það hafi verið heystæði. Mesta hæð veggja er 0,5 m á austurhlið. Hvergi sést grjót í þeim.



*Beitarhús 017\_03, horft til ANA.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-164:018** gata leið

567042 571435

Alldjúpar götur liggja í gegnum minjasvæði 017, frá sléttuðu túni í aflíðandi hlíð til suðvesturs, yfir tvo gróna lækjar-skorninga að Ytra-Grjótlækjargili.

Göturnar liggja um þýfðan lyngmóa sem er í halla til austurs og er víða skorinn af lækjargiljum.

Leiðinni var aðeins fylgt á rúmlega 80 m löngum kafla en ekki sést framhald af leiðinni á loftmynd til suðvesturs.

Framhald leiðarinnar til norðausturs

hefur verið útmáð vegna túnræktar. Á leiðinni sjást 1-2 götur á 3-5 m breiður svæði. Göturnar eru allt að 0,5 m djúpar og 0,3 m breiðar. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en þær stefna upp í fjall. Mögulega er aðeins um rekstrarleið sauðfjár að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Leið 018, horft til norðausturs.*

**SP-164:019** gata leið

567077 571341

Djúp gata liggur eftir hlíð ofan og vestan túna, á milli beitarhúsa 017 og Ytraeyjadalsársels SP-163:029.

Gatan liggur um stórþýfðan lyngmóa sem er í aflíðandi halla til austurs.

Hægt var að fylgja götunni á 75 m kafla þar sem hún liggur NNV-SSA. Gatan er 0,3 m breið og 0,5-0,6 m djúp þar sem hún er dýpst. Jarðvegur hefur ýst upp beggja vegna við götuna þannig að það er eins og hún liggi eftir garðlagi, sem



*Leið 019, horft til SSA.*

er ekki útilokað en mörk hans eru þá of óljós til þess að hægt sé að fylgja þeim. Ekki er ljóst á hvaða leið gatan er en til greina kemur að hún hafi t.d. verið farin á milli bæja eða sé eftir sauðfé eða annan búsmala.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## SP-165 Hlíðarendi

1830: 12 hdr. SSP, 100.

1712: „Hlydarende, kallast nú Sydra eyadalsársel, forn eyðihjáleiga suður frá staðnum í úthögum, hún hefur nú í eyði legið í 30 ár.“ JÁM XI, 137.


Túnakort 1918: Tún 2 ha, 1/3 slétt. Sáðreitir 150 m<sup>2</sup>.

**SP-165:024\_01** garðlag túngarður 568035 568801

Leifar af nokkru fornlegu býli eru skammt ASA við Árkrókshvamm í Eyjadalsá, 880 m NNV við bæ 001. Á svæði sem er sem er 200 x 120 m að stærð og snýr NNV-SSA er túngarður 024\_01 og innan hans eru tvær tóftir (024\_02, 024\_03), þúst (024\_04) og kantur (024\_05). Þegar unnið að skráningu vegna rafstrengs í byrjun nóvember 2021 var aðeins túngarðurinn skráður á vettvangi en aðrar minjar mældar upp sem sáust í næsta nágrenni við hann.

Býlið er á nokkuð sléttu og flatlendu svæði. Til vesturs er gróin fjallshlíð. Tvær ár renna nálægt býlinu, norðan við býlið er Eyjadalsá og til austurs er Kálfborgará. Gras er ríkjandi gróður á svæðinu en sums staðar má sjá kjarr.

Lýsing hefst á túngarði 024\_01. Aðeins austur- og suðurhluti hans sjást sést enn. Garðurinn er



*Minjasvæði 024.*



L-laga. Suðurhliðin er 100 m löng og vesturhliðin um 200 m löng. Túngarðurinn er torfhlaðinn og er mjög siginn, 0,2-0,4 m á hæð. Vestan og utan við garðinn sést í þælu. Austurendi garðsins er raskaður vegna vegslóða sem liggur um svæðið, endar við vinnusvæði til norðurs. Ekki sér til ummerkja um túngarð austan við slóðann, hvorki á vettvangi né á loftmynd. Mikið rask er á áreyrunum norðan við tún býlisins og líklegt að það hafi skemmt túngarðinn á þeirri hlið en einnig kemur til greina að hann hafi horfið að hluta vegna árinna og hún hafi einhvern tíma flætt þarna yfir. Ekki er ljóst hvað raskaði austurhlið garðsins.



*Túngarður 024\_01, horft til VNV.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-165:025** garðlag túngarður

568312 568120

Ungur túngarður er um 200 m NNA við bæ 001 og rúmum 90 m norðan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1931).

Garðurinn liggur rétt sunnan við vírgirðingu. Til norðurs er óræktað og deiglent svæði en ræktað tún til suðurs.

Garðurinn er torfhlaðinn og siginn, 0,5 m á hæð. Hann liggur nálega ANA-VSV og var fylgt á um 20 m löngum kafla á vettvangi þar sem hann er innan úttektaarsvæðis í tengslum við rafstrengs sem leggja á í jörðu í norðvestanverðum Bárðardal. Á loftmynd heldur garðurinn áfram til VSV og er samtals um 150 m á lengd. Garður þessi er 40-70 m norðar en mörk heimatúns eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1918.



*Túngarður 025, horft til suðvesturs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-165:026** garðlag landamerki

568004 569049

Ungt garðlag er á merkjum milli Eyjadalsár SP-163 og Hlíðarenda, rétt sunnan við árbakka Eyjadalsár, um 1,1 km NNV við bæ 001 og rúmum 82 m norðan við túngarð óþekktis býlis 024\_01. Það var skráð að hluta þegar áhrifasvæði jarðstrengs var tekið út síðla árs 2021.



*Landamerkjagarður 026, horft til austurs.*

Garðurinn er við grýttan árbakka Eyjadalsár en austurhluti hans liggur um mólendi. Til suðurs er vinnusvæði og þar eru skúrar og stórar vinnuvélar geymdar. Lítil gróður er á svæðinu en gróska eykst því fjær sem dregur árbakkanum.

Garðurinn liggur nálega austur-vestur og var fylgt á um 35 m löngum kafla á vettvangi. Á loftmynd er greinilegt að garðurinn hefur náð lengra til beggja átta og er samtals um 230 m á lengd. Garðurinn er grjóthlaðinn, 0,6 m á hæð og sjást 2-3 umför af hnúllungum í hleðslum. Á miðju úttekarsvæðinu fyrirhugaðs jarðstrengs 2021 er garðurinn rofinn á um 1 m breiðum kafla.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-165:027\_01** gerði óþekkt

568234 568145


Garðlag 027\_01 og tóft 027\_02 eru rúmum 210 m norðan við bæ 001 og um 80 m norðvestan við túngarð 025. Minjarnar eru á svæði sem er um 170 x 60 m að stærð og snýr austur-vestur. Aðeins norður- og norðausturhluti garðsins voru innan úttekarsvæðis jarðstrengs 2021 en tóft 027\_02 er langt utan þess og því ekki skráð á vettvangi. Norðurhluti túngarðsins liggur upp hálfgróna brekku en norðausturhluti hans liggur um hálfdeiglent svæði sem er vaxið stór.



*Gerði 027\_01, horft til VNV.*

Á vettvangi var aðeins um 60 m langur kafli af norðausturhluta garðisins mældur upp. Garðurinn er þar nokkuð heillegur en þó sekkur hann alveg í mýrina á einum stað. Á loftmynd sést að garðurinn hefur náð lengra til vesturs og verið hlaðinn kringum tóft 02. Garðurinn er samtals um 165 m á lengd. Garðurinn er torfhláðinn og eru veggir signir, 0,5 m á hæð og 1,8-2,5 m á breidd. Garðurinn hefur afmarkað um 140 x 110 m stórt svæði sem snýr ANA-VSV.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Gerði 027\_01, staðsetning tóftar 027\_02 og garðlag 025.*



## SP-263 Sýrnes

1712: 30 hdr. Bændaeign. JÁM XI, 175.

Túnakort 1919: 4.8 ha, ½ slétt. Sáðreitir 350 m<sup>2</sup>.


„Engið er yfir máta votlent með bleytu í botninum, og standa menn vatnið í mitt lær eður mjaðmarhöfuð, og hylpyttir þess á milli, og sumstaðat skera menn störina af skipi og flytja hana á því að landi. Er þetta mikil vatnsbúð, og verður ekki að sókt nema í góðri veðráttu, Út-hagarnir eru bæði litlir og snögglendir fyrir stórgripi en bjarglegir fyrir sauðfje.“ JÁM XI, 176.

**SP-263:006\_01** *Litla-Sýrnes* bæjarstæði býli 571362 591086

„Austan í [túni] er Brekka niður að mýrinni. Upp við brekku, upp af sunnanverðu túninu er tóftarbrot, sem heitir Litla-Sýrnes,“ segir í örnefnaskrá. „Sýrnes kallast fornt eyðiból hjer í landinu upp undir brekkunum, þar er<u> byggíngamerki tófta og girðinga. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er lýngi og viði vaxið,“ segir í Jarðabók Árna og Páls.

„Litla-Sýrnes, nefnast fornar tættur upp við brekkuna í Sýrneslandi. Kann að hafa verið hið upphaflega bæjarstæði Sýrnes,“ segir í ritinu Byggðir og Bú Suður-Þingeyinga.

Litla-Sýrnes er um 430 m suðvestur af bæ 001 og eru þar minjar sem ná yfir svæði sem er alls um 200 x 137 m að stærð. Svæðið er afmarkað af túngarði 006\_07 og eru innan hans fimm tóftir 006\_01-05 og garðlag 006\_06. Töluverður snjór var á svæðinu þegar það var heimsótt 2021 og var því erfitt að greina allar minjar



*Minjar um býlið Litla-Sýrnes 006.*

með fullri vissu. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir minjar 006\_04, 006\_06 og 006\_07.

Minjarnar eru í stórbýfðum lyngmóa, grónum víði og fjalldrapa. Fast vestan við svæðið eru grónar hlíðar en Aðaldalsvegur 845 liggur fast austan við það.



*Bæjartóft 006\_01, horft til suðvesturs.*

Minjalýsingin hefst á tóft 006\_01 sem er stærsta tóftin á svæðinu og er hún vestarlega í miðju túninu. Hún er um 1,5 m á hæð og nokkuð grösugri en umhverfið. Tóftin er um 20 m á lengd og snýr norður-suður. Hún er T-laga og er syðri hluti hennar 16 m á breidd en nyrðri hlutinn um 7 m á breidd. Ekki var hægt að greina innri skipan tóftarinnar með vissu vegna snjóá. Hér er líklega um leifar bæjarins að ræða en

mögulegt er að annað mannvirki hafi verið reist ofan á tóftum hans síðar. Tóftin er um 14 m vestan við úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Sýrnes, 1; JÁM XI, 176; BBSÞ, 518

**SP-263:006\_04** tóft útihús

571385 591078

Tóft 006\_04 er um 10 m austan við tóft 006\_01. Hún er um 11 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún virðist einföld, um 5 x 4 m að innmáli. Hæð veggja er 0,6-08 m og breidd víðast 1-1,5 m en breiðari á norðurhlið, um 4 m, hugsanlega vegna hruns. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir austurhluta tóftarinnar. Ætla má að tóftin hafi gegnt hlutverki útihúss.



*Tóft 006\_04, horft til suðvesturs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SP-263:006\_05 tóft útihús

571372 591047

Tóft eða þúst 006\_05 er um 30 m SSA af tóft 006\_01. Hún er um 10 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er um 1-1,2 m á hæð og lítillega meira grasi gróin en umhverfið. Hugsanlegt er að hægt væri að greina hólfaskipan innan tóftarinnar þegar jörð er auð. Tóftin er um 4 m vestan við úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal. Líklega er hér um útihús að ræða.



*Tóft 006\_05, horft til norðurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SP-263:006\_06 garðlag óþekkt

571397 591101



*Garðlag 006\_06, horft til norðvesturs.*

Garðlag 006\_06 er um 23 m austur af norðurenda tóftar 006\_01 og liggur þaðan a.m.k. um 45 m til norðausturs. Á loftmynd virðist áfram marka fyrir garðlaginu um 32 m lengra og er það þá um 77 m í heild. Garðlagið er 1,1-1,3 m á hæð og 1-1,7 m á breidd. Hlutverk garðlagsins er óþekkt og óvíst hvort hann sé samtíða öðrum minjum á svæðinu. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir garðlagið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-263:006\_07** garðlag túngarður

571410 591159

Túngarður 006\_07 liggur umhverfis tún Litla-Sýrness og eru tóftir 006\_02 og 006\_03 sambyggðar honum. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 200 x 137 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er rofinn á nokkrum stöðum, á um 34 m kafla á vesturhlið, á um 3 m kafla á suðvesturhlið en stærsta rofið er á austurhlið, um 136 m, þar sem Aðaldalsvegur hefur farið yfir garðinn. Garðurinn er 60-80 á hæð og víðast 2-4,5 m á breidd. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir garðinn.



*Túngarður 006\_07, horft til VSV.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-263:011** garðlag óþekkt

571422 591248

Garðlag er um 250 m suðvestur af bæ 001 og um 85 m norður af túngarði Litla-Sýrness 006\_07.

Garðlagið liggur um stórbýfðan lyngmóa. Fast vestan við svæðið eru brattar en grónar hlíðar en Aðaldalsvegur 845 liggur í norður-suður austan við garðlagið. Austan við veginn eru slétt tún allt þar til við tekur mýri sem nær að Eyvindarlæk.

Garðlagið er um 111 m langt og liggur u.þ.b. austur-vestur. Það nær frá hlíðarrótum u.þ.b. að Aðaldalsvegi en hefur verið rofið af veginum. Á loftmynd sést aftur marka fyrir garðlaginu í túninu um 175 m austar og liggur það áfram um 133 m að mörkum mýrarinnar.

Heildarlengd garðlagsins er um 419 m. Vestast er garðlagið um 4-5,5 m á breidd og 50 cm á hæð en þar sem mjög stórbýft er á svæðinu rís það lítið hærra en umhverfið. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir garðlagið. Mögulegt er að hér sé um landamerkjagarð á milli Sýrness og Litla-Sýrness (006) að ræða, en að öðrum kosti er líklegast að garðurinn sé vörslugarður.



*Garðlag 011, horft til austurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



## SP-264 Hólkot

1712: 10 hdr. Bændaeign. JÁM XI, 176.

„Þetta er forn jörð og sjálfstæð og hét Þyrnishóll. Svo nefnist jörðin í manntalinu 1703 og hjá ÁM 1712, en þó segir JÁM nafnið Hólkot þá orðið algengt. Í fornskjöllum 1400-1550 er ýmist nefndur Þyrnishóll eða Hóll.“ LP I, 290.

„Þrír hólmar eru í [Vestmanns]vatninu, sem tilheyra Hólkoti og hafa gert síðan 1561,“ segir í Ö-Hólkot (og DI XIII, 591).

Túnakort 1919: Tún 2 ha eða 6 1/4 dagsl. Sléttað u.þ.b. 1/4.

„Úthagar eru litlir og snögglendir fyrir stórgripi [...] Vatnsból bregst stundum um vetur, og er þá erfiður vatnsvegur í Vestmannavatn.“ JÁM XI, 176.

„Nyrsta jörð í Reykjadal að vestan. Bærinn stendur syðst á hjalla í brekkurótum Fljótshlíðar. Suður og austur frá bænum er bratt fram af hjallaendanum niður að Hólkotstjörn. Brekkan að baki bæjar er allbrött. Fagurt útsýni er yfir vötn og tjarnir og hlunnindi af silungsveiði. Land jarðarinnar liggur að Höskuldsstaðalandi að sunnan, Vestmannsvatni að austan og hreppamörkum að norðan, það er Sýrneslandi.“ BBSÞ, 424.

SP-264:001 *Hólkot* bæjarhóll bústaður

571316 590018

„Bærinn stendur á allháum hól, skammt vestan frá vatni, sem heitir Vestmannsvatn,“ segir í örnefnaskrá Hólkots. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1919 í suðvesturhluta túns. Á bæjarhólnum stendur íbúðarhús byggt 1955 samkvæmt fasteignaskrá. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir norðvesturjaðar bæjarhóls Hólkots. Bærinn stendur á háum hól og er einkum bratt niður af honum til suðurs. Umhverfis íbúðarhúsið er gróið grasi og njóla.



*Bæjarhóll Hólkots 001, horft til SSA.*

Hóllinn sem bærinn stendur á er að mestu náttúrulegur en einnig virðist marka fyrir uppöfnun sem mest er um 2 m há, hæst austan til. Bæjarhóllinn er um 51 x 35 m að stærð og snýr norður-suður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Hólkot, 1; Fasteignaskrá



*Kort sem sýnir hnúttúna kort Hólkots SP-264 frá árinu 1919, skráðar minjar og línuleiðir.*

**SP-264:008** garðlag landamerki 571425 590666

„Neðan [Gálga]hrauns [006-007], meðfram vatninu, er Hólkotsnes. [...] Þar norðar eru Engjahólar, sem liggja að Eyvindarlæk, en hann rennur úr vatninu. Frá honum er merkjagarðurinn móti Sýrnesi [SP-263]. [...] Svo áfram uppi á háheiðinni og tekið norðan frá. Þar er, við merkin, Hólkotssel [011]. Þar er glöggur merkigardur af klöpp, þráðbeinn,“ segir í örnefnaskrá. Ummerkja um garðinn var leitað á merkjum Hólkots og Sýrness fast vestan við Aðaldalsveg 845 þar sem úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir merkin.

Vestan Aðaldalsvegar eru slétt tún í landi Hólkots en þýfður hagi handan merkja í landi

Sýrness. Girðing er á merkjum.

Engin merki um garðlag sáust á vettvangi á merkjum jarðanna fast vestan Aðaldalsvegar. Á loftmynd má hins vegar sjá marka fyrir garðinum bæði norðvestan og suðaustan þess svæðis, nærri Hólkotsseli og við Engjahóla.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hólkot, 2-3

**SP-264:012** garðlag óþekkt

571266 589895



*Garðlag 012 horft til vesturs.*

Garðlag er við túnjaðar um 130 m suðvestur af bæ 001. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir austurenda garðlagsins.

Garðlagið liggur í þýfðum grasmóa. Gróin hlíð er vestan við garðlagið en austan við það er slétt tún í rækt. Girðing sem afmarkar túnið liggur yfir austurenda garðsins.

Garðlagið liggur austur-vestur, frá túnjaðri að hlíðarrótum, alls um 30 m. Garðlagið er töluvert gengið í þúfur og er um 30-50 cm hátt og 2 m breitt. Hlutverk garðlagsins er óþekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-264:013** garðlag óþekkt

571302 589979

Garðlag er ofarlega í brekku um 25 m suður af bæ 001. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir austurenda garðlagsins.

Til suðurs frá bæ er grasi gróin brött brekka niður að túni.

Garðlagið er grasi gróið og liggur á ská niður brekkuna til ASA. Það er 21 m á lengd, 30-40 cm hátt og 80-130 cm breitt. Hlutverk garðlagsins er óþekkt.




*Garðlag 013, horft til ANA.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

Túngarður er meðfram vestur- suður- og austurhluta gamla túnsins eins og það er sýnt á túnakorti frá 1919. Ummerki um túngarð eru greinanleg á svæði sem er alls um 147 m á lengd og 133 m á breidd og snýr u.þ.b. austur-vestur. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir garðinn.

Til suðurs og austurs frá bæ er grasi gróin brött brekka niður að túni. Girðing afmarkar trjágarð sunnan við bæ efst í brekkunni.

Túngarðurinn sést í nokkrum hlutum sem fá hér bókstafina A, B og C til aðgreiningar. Deiliskráningarsvæðið liggur yfir suðurhlið hluta A en hlutar B og C eru utan svæðis og voru þeir skráðir af loftmynd. Hluti A er vestast. Hann liggur meðfram suðurhlið gamla túnsins litlu ofan við brekkurætur og er sú hlið um 60,5 m á lengd en er þó rofinn á um 6 m kafla um miðbikið. Frá vesturenda suðurhliðar liggur garðurinn til norðvesturs um 44 m upp brekkuna. Þá er rof á garðinum í um 24 m en á loftmynd virðist túngarðurinn einnig sjást meðfram vesturhlið túnsins á um 72 m kafla. Vestur-, suðaustur- og suðurhliðar túngarðsins koma u.þ.b. saman við útlínur túns eins og þær eru sýnar á túnakorti 1919. Frá austurenda suðurhliðar liggur garðurinn hins vegar um 27 m upp brekkuna til suðurs að girðingunni sunnan við bæ en á kortinu nær suðurhlið túnsins um 44 m lengra til austurs. Hæð túngarðsins er 30-80 m, hæst



*Bæjarhóll 001, garðlag 013 og túngarður 014.*



á suðvesturhlið en lægst á suðurhlið, og breidd 1-2 m. Hluti B er um 10 m austan við austurhlið hluta A. Þar liggur garður um 21 m til austurs, um 5 m ofar (norðar) í brekkunni en suðurhlið hluta A. Trjám hefur verið plantað fast ofan við vesturenda garðsins en frá austurenda hans liggur garður um 7,5 m til suður og 34 m til norðurs. C-hluti túngarðsins er um 7 m austan við suðurenda hluta B. Hann liggur um 10 m til norðausturs en sveigir þá til NNA og er alls um 106 m langur. B-hluti túngarðs er ekki merktur á túnakort frá 1919 en C-hluti liggur með austurhlið túnsins eins og það er teiknað á kortinu. B-hlutinn var vel greinanlegur á jörðu niðri en hluti C sást aðeins á loftmynd. Vel má þó vera að sá hluti sé greinanlegur þegar jörð er auð en töluverður snjór var þegar staðurinn var heimsóttur. Engin merki sást um túngarðinn á norðvesturhlið, norðurhlið eða norðurhluta austurhliðar, hvorki á jörðu niðri eða á loftmynd og hefur hann líklega verið sléttaður í tún.



*Túngarður 014, garðlag 013 og bæjarbóll 001, borft til norðurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

## SP-266 Höskuldstaðir

1712: 24 hdr. Í fornum jarðarbókum er þessi jörð talin bændaeign en 1712 er sagt að eigandinn sé, Sr. Magnús Markússon á Grenjaðarstað sem hafi eignast jörðina í álag Grenjaðarstaðar eftir bóluna. 1805 er hún að 1/2 Grenjaðarstaðareign.; JÁM XI, 177; JJ 328-329.

Bænhús er sagt að hér hafi að fornu verið. Munnmæli um 5 hdr. land fram á heiðinni, ekki vitað hvar, og sagt er að þá hafi jörðin reiknast 30 hdr. að dýrleika. JÁM XI, 176-177.

1437: „Ásgrímr Jónsson selr með samþykki Guðrúnar Magnúsdóttur konu sinnar Þorkeli presti Guðbjartssyni jarðirnar Þverá í Laxárdal, Höskuldsstaði og Hól í Reykjadal [...].“ DI VI, 567.

23.12.1449: Höskuldsstaðir „liggur j helgastada þingvym j Reykiadal.“ DI V, 34.

Túnakort 1919: Tún 3,8 ha. þar af sléttað um 2/3.

„Túninu spillir nokkuð bæjarlækurinn með grjóts og sands áburði. Engjar öngvar, nema hvað hent er í úthögum eður vatnstjörnum. Úthagarnir eru bjarglegir.“ JÁM XI, 177.

„Undir jörð þessa sem hrapallegan er af sér gengin fyrir skriðum liggur einn hólminn í Vestmannsvatni [...].“ SSP, 114.

„Jörðin er fremur landlítil neðan brekkna, en á gott heiðarland. Sléttlendi er hið næsta bænum. Þegar lengra dregur niður eru lyngmóar og melhólar að Helgastaðalandi til suðurs og austurs. Norðausturhorn landsins nær að Vestmannsvatni með veiðirétt og eggveri í engjum. [...] Heiðarland nær að landamerkjum Fossels.“ BBSÞ, 423.

„Jörðin var til forna hátt metin, en telst nú til hinna smærri, því engjar eru ltilar, en landrými mikið til heiða.“ LP I, 291

**SP-266:006** *Merkjagarður* garðlag landamerki 571299 589370

„Svo er Merkjagarður, sem liggur sunnan til í Hólkotstjörn. Þetta eru leifar eftir merkjagarð, sem liggur ofan úr brún,“ segir í örnefnaskrá. Rétt vestan við Hólkotstjörn, við Litlulausholt er Merkjagarðurinn, um 1 km NNV við tóft 020 og rúmum 510 m sunnan við garðlag SP-264:012. Úttektarsvæðið vegna fyrirhugaðs jarðstrengs í Reykjadal liggur yfir garðinn.



*Landamerkjagarður 006, horft til VNV.*

Garðurinn liggur frá vestri niður gróna fjallshlíð og endar við Hólkotstjörn. Deiglent er við tjörnina. Svæðið var þakið snjó þegar skrásetjari var á vettvangi þar veturinn 2021.

Garðurinn liggur nálega austur-vestur. Á vettvangi var garðinum fylgt á um 100 m löngum kafla. Á miðhluta garðsins er op. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og eru veggir 0,8 m á hæð og um 3-4 m á breidd þar sem hann er breiðastur en mjókkar til beggja enda. Líklega hefur garðurinn verið endurhlaðinn nokkrum sinnum en hann er mjög breiður og fremur hár. Á vesturhluta garðsins er tréstaup sem gefur til kynna að merkjagirðing hafi legið eftir garðinum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Höskuldsstaðir, 1

**SP-266:020** tóft útihús

571519 588377

Þrískipt og sigin tóft er rétt norðaustan við Útivöll, um 175 m norðan við fjárhús (b. 1954) og um 260 m NNV við vörslugarð 021. Tóftin er utan heimatúns Höskuldsstaða eins og það var afmarkað á túnakorti frá 1919.



*Tóft 020, horft til austurs á ljósmynd.*

Tóftin er efst á grónum hól. Til vesturs er óljós vegslóði sem liggur til norðurhluta jarðarinnar. Svæðið var þakið snjó þegar skrásetjari var á vettvangi þar veturinn 2021.

Tóftin er 10 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru torfhlaðnir og mjög signir, 0,2-0,3 m á hæð. Í tóftinni eru 3 hólf greinanleg. Op er á austasta hólfinu í suðausturhorni og á hinum hólfunum er ekki hlaðinn veggir á suðurgöflum. Hólf A er vestast. Það er minnsta hólfið í tóftinni og aðeins 1,5 x 1,5 m að innanmáli. Hólf B er austan við hólfið A. Það er 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf C er austast. Það er 2 x 2 m að innanmáli. Hóllinn sem tóftin er reist á er sennilega að einhverju leyti uppsafnaðar mannvistaleifar. Ekki

er ljóst um hlutverk tóftarinnar, mögulega einhvers konar útihús.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-266:021** garðlag vörslugarður

571598 588123

Suðaustan við heimatúnið á Höskuldsstöðum liggur fornlegur og mikill garður úr miðri hlið ofan við bæinn til ANA. Garðurinn liggur niður að Leirtjörn þar sem hann tengist fleiri görðum sem ekki verður gerð grein fyrir hér. Hluti garðsins var skráður á vettvangi snemma vetrar 2021 í tengslum við raflínu sem til stendur að plægja í jörð í Reykjadal.



*Garðlag 021, horft til vesturs.*

Sléttuð tún í rækt eru beggja vegna við garðinn, norðan við er heimatúnið og

sunnan við er yngra tún. Utan túna er stórþýfður hrísmói.

Garðurinn er vel greinilegur en virðist forn í grunninn. Hann er aðeins sunnar en suðurmörk gamla heimatúnsins eins og það er teiknað á túnakort frá 1919. Garðurinn virðist hafa verið endurhlaðinn þar sem hann liggur meðfram túninu en utan þess virðist hann signari og fornlegri. Hann er 340 m langur og liggur VSV-ANA. Garðurinn er 2-3,5 m á breidd og 0,4-0,5 m hár. Netagirðing er ofan á honum og þrjú rof þar sem eru hlið á girðingunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

## SP-267 Helgastaðir

1712: Jarðardýrleiki óviss. Kirkjustaður og beneficium. JÁM XI, 177.

1847: 26 hdr. JJ, 329.

Kirkjustaður til 1872. Prestsetur til 1907. Þingstaður til forna. Þetta er fyrsta landnámsjörðin í Reykjadal, og nam land Eyvindur Þorsteinsson, faðir Áskels goða, en við Helga son hans er bærinn kenndur. Þar sátu höfðinngaettir saman mægðar af goðakyni Reykdælinga og Ljós-  
vetninga oftast á þjóðveldistímanum. LP I, 291.

Þar bjó Guðmundur Eyjólfsson á Sturlungaöld. Hann var ríkur og vinsæll enn fremur nískur. Kemur hann við sögu í Guðmundar sögu dýra. Sturlunga, 160.

1569: Eyðikot Fossland haft fyrir selför.“ DI XV, 349.

„Selstöðu á staðurinn fram í Hörðdal [Hörgsdal], og er sú selstaða byggð Arnarvatns ábúendum fyrir xx álna toll.“ JÁM XI, 178.

Árið 1712 eru taldar með jörðinni eyðihjáleigurnar Helgastaðakot og Bessastaðir. JÁM XI, 178. Foss-sel er 1805 talin hjáleiga Helgastaða, en ekki áður, tali. JJ, 329.

Nýbýli: Pálmholt, byggt 1951 á 1/3 Helgastaða.

Túnakort 1919: Tún 6,3 ha. þar af sléttað um 3/4.

„Engið er sumstaðar yfir máta votlent í mitti og mjaðmarhöfuð, mjög blautt í botninum og ilt að vinna, en sumt engið er á þurru, sem Reykjadalssá spillir öðru hvörju með sandsáburði. Úthagar eru bæði litlir og snögglendir, og væri full þörf að brúka selförna, sem nú verður ekki við komið, því þángað er mjög langt að sækja og víða seinfært og slitrótt. Vatnsvegur í lengra lagi í Reykjadalssá.“ JÁM XI, 178.

„Bærinn stendur í miðjum dal á bökkum Reykjadalssár. Land jarðarinnar var víðáttumikið og náði frá landamerkjum Hamra og allt norður í Vestmannsvatn, til Fljótshéiðar og yfir hana að Skjálfandafljóti. Austan Reykjadalssár á jörðin allstóra landspildu. Meðfram ánni eru grösugir bakkar og engjar, beitoland víðáttumikið á mounum og til héiðarinnar.“ BBSÞ, 421.

**SP-267:011** *Bessastaðir* bæjarstæði býli 572916 586574

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1912 segir: „Bessastader kallast fornar tóftarústir litlar á staðartúninu, og er sagt þar hafi hjáleiga að fornu verið, af fallin fyrir manna minni. Ekki má hana aftur byggja nema staðnum til rýrðar.“ „Suðaustur í túni heita Bessastaðir,“ segir í örnefnaskrá A.G. „Bessastaðir heitir enn eyðibýli innan túngirðingarinnar í suðvestur frá bænum. Þar hefur verið kallað Vestaragerði [012] til aðgreiningar frá hinu gerðinu (Austara-Gerði) [013]. Bæjarkofatóftir sjást enn á Vestaragerði,“ segir í örnefnaskrá M.J.




„Bessastaðir voru hjáleiga í túninu, sem fór í eyði miklu fyrr [en Helgastaðakot fyrir 1670],“ segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu I. Bessastaðir eru merktir inn á Örnefnasjá Landmælinga Íslands og voru að öllum líkindum rúmum 300 m SSV við bæ 001.

Býlið var utan heimatúns eins og það er teiknað á túnakorti frá 1919, en í túni þar sem nokkuð afgerandi hólar eru en þó ekki þannig ummerki að hægt sé að afmarka bæjarhól eða rústir. Engar minjar sjást á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Helgastaðir A.G., 3; Ö-Helgastaðir M.J., 1; Túnakort 1919; JÁM XI, 178-79; LP I, 291



*Kort sem sýnir hnúsett túnakort Helgastaða SP-267 frá árinu 1919, skráðar minjar og línuleiðir.*

**SP-267:012** Vestara-Gerði garðlag óþekkt

572893 586849

„Í suðvestur frá bænum var kallað Vestara-Gerði til aðgreiningar frá Gerði [013], sem er austur í túninu. Syðst þar var tóftarbrot eftir Gunnarsstaði [014]; en allt er það nú slétt,“ segir í örnefnaskrá. Vestaragerði er merkt inn í Örnefnasjá Landmælinga Íslands. Það er í gamla heimatúninu, um 80 m vestan við bæ 001 og 140 m NNA við útihús 007. Gerðið er talsvert langt frá Bessastöðum 011 sem eru sagðir hafa verið innan þess í örnefnaskrá M.J. Mögulega er það því ekki rétt staðsett.



*Garðlag 012, horft til austurs.*

Leifar af gerðinu eru á mörkum hestagerðis og túnhluta sem kominn er í órækt en vestan við er tún í rækt.

Lítið afgerandi hryggur er á mörkum milli hestagerðis og túns sem kann að vera leifar af Vestara-Gerði. Hryggurinn er 0,2-0,3 m á hæð, 4-6 m breiður og 60 m langur. Girðing er ofan á hryggnum og hún heldur áfram til austurs. Ekki var kannað hvort framhald af hryggnum væri líka þar en skráningin fór fram snemma vetrar 2021 vegna raflagnar sem fyrirhugað er að plægja í jörðu í vestanverðum Reykjadal. Því var aðeins svæðið innan áhrifasvæðis framkvæmdanna skoðað og aðeins út fyrir það.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Helgastaðir A.G., 3; Ö-Helgastaðir M.J., 1

**SP-267:029** gata leið

572851 586109

Allgreinilegar og djúpar götur sjást í mólendi 690 m sunnan við bæ 001. Göturnar liggja af fjölfarinni leið 661:053\_01 sem sést á milli Helgastaða og Hamra en ætla má að hafi legið milli bæja í vestanverðum Reykjadal.



*Leið 029, horft til norðausturs.*

Göturnar sjást í stórþýfðum lyngmóa austan við slétt tún. Landslagið ein-kennist af ávölum hæðum.

Hægt er að fylgja götunum á um 110

m löngum kafla frá leið S-661:053\_01 uns hún hverfur í sléttað tún. Á leiðinni sjást 2-5 alldjúpir götuskorningar á 10-15 m breiðu svæði. Þeir eru 0,3-0,5 m djúpir og 0,2-0,3 m breiðir. Ekki er vitað hvert leiðin lá en hún stefnir í átt að Hömrum SP-269 og var ef til vill messuleið frá Hömrum að kirkju 002 á Helgastöðum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



## SP-269 Hamrar

1712: 20 hdr. Eign Helgastaða og hjáleiga, voru snemma byggðir úr því landi. JÁM XI, 179.

1318: hamra land hálf í eigu Helgastaðakirkju. DI II, 437.

1394: Hamraland hálf í eigu Helgastaðakirkju skv. máldaga. DI III 573, 574.

1569: „Hún [Helgastaðakirkja] a jord Hamri.“ DI XV, 349.

JÁM nefnir munnmæli um skógarítak, sem Öndólsstaðir eiga í „Hamrasels landi“ vestan Fljótshéiðar. JÁM XI, 193.

Hamrar fóru í eyði 1936.

Túnakort 1919: Tún 3 ha. þar af sléttað um  $\frac{3}{4}$ . Sáðreitir 100 m<sup>2</sup>.

„Túninu spillir Glaumbæjar bæjarlækur með leirsáburði og hleypir á það vatni, sem jetur úr rótina. Engið þornar upp og sprettur lítt. Úthagar eru bjarglegir.“ JÁM XI, 179.

„Bærinn stendur á lítilli hæð í brekkurótunum og er brekkan ofan bæjar brött með klettum í brúninni. Land jarðarinnar er fremur mjó spilda milli Helgastaða og Glaumbæjar, frá Reykjadalssá vestur á há Fljótshéiði. Neðan bæjar eru vallendis- og lyngmóar, sem nú eru að miklu leyti orðnir að túni.“ BBSÞ, 419.

### SP-269:013 garðlag landamerki

572853 585797

Torfhlaðinn garður er á merkjum Hamra og Helgastaða SP-269 austan Aðaldalsveggar 845. Ekki sést garður vestan vegar með sömu stefnu en þar er sléttað tún. Hluti garðsins var skráður snemma vetrar 2021 þegar unnin var deiliskráning vegna raflagnar sem fyrirhugað er að plægja í jörðu í vestanverðum Reykjadal.



*Landamerkjagarður 013, horft til VNV.*

Garðurinn er á milli tveggja sléttadra túna á fremur flatlendu svæði næst Aðaldalsvegi en austar liggur hann um stórþýfðan móa.

Garðurinn liggur VNV-ASA og hægt er að rekja hann á loftmynd á 365 m löngum kafla frá vegi til ASA. Þá virðist hann beygja til suðausturs á 73 m löngum kafla og endar við skurð í engjum niður við Reykjadalssá. Garðurinn er 0,3-0,4 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Hann er rofinn við veginn, þar er hlið á girðingu sem liggur eftir garðinum og hefur ef til vill raskað

honum eitthvað. Á loftmynd má sjá að annar garður liggur af þessum garði en ekki er ljóst hvert hlutverk hans hefur verið. Vel getur verið að þar sé eldri útgáfa af landamerkjagarðinum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## **SP-272 Einarstaðir**

1712: 90 hdr. Bændaeign. JÁM XI, 180.

1847: 55 hdr. JJ, 329.

Kirkjustaður, annexía frá Helgastöðum. JÁM XI, 180.

1318: Máldagi Auðuns biskups fyrir Hólabiskupsdæmi: „A Einarsstodum j Reykiadal er Peturskirkia. Liggur til kirkiu land j Kuigerdadal oc. v. kugildi j heima jordu.“ DI II, 437.

1397 og síðar: „Eyrnastadakirkia. [...] Hun a x. kugildi j heimajordu og kuigudal.“ DI III, 555.

1429: Vísitölugerd Jóns Hólabiskups Vilhjámssonar: „kirkia aa æinarsaudum ær helgut hinom helga petro apostolo. hun aa kwikvændisdaal og wollu.“ DI IV, 377.

6. maí 1536: Samkomulag milli Ara Jónssonar lögmanns og Páls Grímssonar: „kirkian æ Einarstodum ætti [...] og jordina Kuijndisdal og jordina Bjork i kinn.“ DI IX, 767 og sama: DI XI, 116 og DI XII, 86.

Var landnámsjörð Ketils hörska, valin af Eyvindi landnámsmanni bróður hans. „Sonarsonur Ketils var Einar Konálsson, sem jörðin er við kennd. Hann fóstraði Guðmund ríka, og þótt spekingur, og þurfti Guðmundur oft að sækja ráð í Einarsstaði. Enn búa ríkir menn á Einarsstöðum á Sturlungaöld, nefndir Ljósvetningar og þó einnig af Reykdælskum landnámsættum. Frá 1200 fram undir 1290 bjó þar Einar Ásbjarnarsson, er lifði meira en 11 tugi vetra. Fyrir 1500 eru allar Einarsstaðaeignir komnar í eigu Ólafar ríku á Skarði við Breiðafjörð. Síðan kaupir eignirnar Ari sonur Jóns biskups Arasonar. En um 1700 eru þær í eigu Skarðsættar á ný. Árið 1712 býr þar Eyjólfur Einarsson. Skarðsættin átti þá fjölda jarða í sýslunni, og hafði Eyjólfur umsjá þeirra allra og völd mikil. Jörðin komst aftur í innanhérðaseign og sjálfsábúð á 19. öld.“ LP I, 293-294.

Einarsstaðir áttu ítök víða: „Hann á fjórðung í Þingey [...]. 8a hrossa göngu á Borgarmela, [...]. Staðurinn á og hálfu Hafurstaðahlíð móts við Arnvetnínga og Öxnadal allan, afrjett allan fyrir ofan Krossá og Sandmúla allan og Hátún. [...]. Skógarhögg í Vatnshlíð frá merkjum á milli Fagraness og Halldórsstaða og til Vatnsenda [...], Tveggja manna göngu á Vestmannsvatn fyrir Höskuldsstaða landi. Legsteinagrjót í Kasthvamms landi.“ JÁM XI, 181.

Árið 1712 eru hjáleigur nefndar Vallnakot (SP-273), Láfsgerði og Skógarfletir, þær tvær síðari í eyði. JÁM XI, 182.

Nýbýli: Jaðar, byggt 1937 á 1/8; Hlíðarholt.

Túnakort 1919: Tún 10,1 ha. þar af sléttað um 9/10. Sáðreitir 300 m².

„Úthagar eru nægir.“ JÁM XI, 181.

„Bæjarhúsin standa á hól nokkurn spöl frá brekkurótum Fljótsheiðar. Austan og sunnan við túnholana er víðáttumikið flatlendi að Reykjadalsá og Seljadalsá. Norður frá túninu voru lyng-og viðarmóar. Meðfram ánum voru engjalönd, mikil og grasgefin, ræktuð með áveitu úr Seljadalsá. Nokkru af því hefur verið breytt í tún. Einarstaðabýlin eiga mikið land á Fljótsheiði, allt vestur að Skjálfandafljóti.“ BBSÞ, 412.

**SP-272:028** *Draugalág* örnefni draugur

572813 582946

„Í brekku frá Jaðri er djúp lág, sem heitir Draugalág. Ofan hennar er varða á vegbrún,“ segir í örnefnaskrá. Láginn er mitt á milli Nónlækjar og Láfgerðismýri, um 570 m SSV við bæ 001 og rúmum 25 m vestan við Norðurlandsveg 1.



*Draugalág 028, horft til VNV.*

Draugalág er djúp og grösug lág sem liggur í krók til austurs og suðausturs. Símaustaurar eru á holtinu beggja vegna við lágina.

Engin saga fylgir nafninu á þessari lág og ekki er því vitað um tilurð nafnsins. Við vesturenda lágarrinnar er uppistandandi varða, á brúninni fast vestan við lágina en hún mun ekki vera gömul og er utan áhrifasvæðis fyrirhugaðra jarðstrengsframkvæmda 2021.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Einarstaðir, 5

**SP-272:043** heimild um traðir

572940 583495


Á túnakorti frá 1919 sjást traðir að bæ 001 úr vestri á svipuðum slóðum og núverandi heimreið.

Sitt hvoru megin við heimreiðina eru framræst og sléttuð tún. Fyrir miðju vegar er framræsluskurður og austan við hann er trjábelti.

Engin ummerki um traðir sjást lengur vegna þess að á sama stað liggur núverandi heimreið að Einarstöðum. Gömlu traðirnar eru því horfnar vegna vegagerðar. Ekki er vitað hvort traðirnar hafi verið hlaðnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919



*Tóft 051, horft til SSA á ljósmynd.*

Tóft er rétt austan við Nónlæk, 360 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 80 m vestan við tóft 039.

Tóftin er í lyngmóa með fjalldrapa. Plantað hefur verið í kring og m.a. er skjólbelti um 3 m vestan við tóftina. Gamall skúr sem einhverntíma hefur verið notaður sem sumarbústaður er um 20 m austar. Svæðið var á kafi í snjó þegar skrásetjari var þar veturinn 2021.

Tóftin sker sig úr vegna sinu, hún er lágreist, einföld og ferköntuð, 4 x 4 m stór. Op hefur hugsanlega verið á vesturhlið og þá snúið upp í brekkuna. Grjót sést ekki í veggjum sem eru mest um 0,3 m háir. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar, mögulega heystæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**SP-272:057** garðlag óþekkt

572939 583829

Torfhlaðið garðlag er rétt austan við Tjarnarstykki, rúmum 370 m NNV við bæ 001 og um 102 m austan við Aðaldalsveg 845.

Garðlagið er á þurrum bakka við Tjarnarstykki sem er votlent. Stór tré í skjólbelti eru rétt austan við garðinn og má vera að garðurinn haldi áfram undir skjólbeltinu. Svæðið var þakið snjó þegar skrásetjari var á vettvangi veturinn 2021.



*Garðlag 057, horft til suðvesturs.*

Garðurinn liggur h.u.b. austur-vestur og er um 17 m á lengd. Garðurinn stendur vel, er um 1 m hæð og um 4 m á breidd. Ekki er hægt að útiloka að þetta sé uppmokstur í tengslum við gerð skjólbeltisins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



## SP-278 Kvígyndisdalur

1712: 20 hdr. Einarstaðakirkjueign að hálfu og bændaeygn að hinum hluta. JÁM XI, 182.

1847 er jörðin sögð að öllu eign Einarstaðakirkju. JJ, 329.

1318: Í Máldaga Auðunnar biskups fyrir Hólabiskupsdæmi (DI II, 437) segir: „A Einarstodum j Reykiadal er Peturskirkia. Liggur til kirkiu land j Kuigerdadal oc. v. kugildi j heima jordu.“ Í máldögum 1397 og síðar (DI III, 555): „Eyrnastadakirkia. [...] Hun a x. kugildi j heimajordu og kuigudal.“

1429: Í Vísitölugerd Jóns Hólabiskups Vilhjámssonar (DI IV, 377) segir: „kirkia aa æinarsaudum ær helgut hinom helga petro apostolo. hun aa kwikvændisdaal og wollu.“ 1465 er jörðin nefnd sem eign Einarstaðakirkju (DI V, 448-449).

Fyrir 1500 eru allar Einarstaðaeignir komnar í eigu Ólafar ríku á Skarði við Breiðafjörð. Síðan kaupir eignirnar Ari sonur Jóns biskups Arasonar. 6. maí 1536: Samkomulag milli Ara Jónssonar lögmanns og Páls Grímssonar (DI IX, 767 og sama: DI XI, 116 og DI XII, 86): „kirkian æ Einarstodum ætti [...] og jordina Kuijndisdal og jordina Bjork i kinn.“

1712 er fornt eyðibýli, Glettingastaðir (Glettingsstaðir), talið með jörðinni. JÁM XI, 183.

Kvígyndisdalur er gamlt býli og byggt snemma á öldum úr landi Einarstaða. Skógarsel [SP-277] var byggt úr landi Kvígyndisdals, 1815 (-1977). BBSÞ. 433.

Túnakort 1919: Tún 3,9 ha. og um ¾ sléttað. Sáðreitir 100 m².

„Engjatak takmarkað sem Róðuteigur kallast brúkar jörðin í Einarstaða landi, og atla menn að hún eigi þetta itak. Engjar öngvar í heimalandi, nema hvað hent er í úthögum undan pení<n>ga fótum. Úthagar eru nægir.“ JÁM XI, 183.

Dalurinn sem bærinn er í heitir Seljadalur. Hann „liggur suðvestur frá Breiðumýri og Einarstodum. Austan hans er Mýraröxl, en að vestan Fljótsheiði. Dalurinn gryn timer og hækkar til suðurs, uns hann verður drag milli lágra ása. Bærinn Kvígyndisdalur er nú eini bærinn í byggð í dalnum. Hann stendur undir vesturhlíðinni neðarlega í dalnum. Töluvert undirlendi er umhverfis bæinn, en að baki hans skiptast á heiðarásar og mýrar. Mikið og gott sauðland fylgir jörðunni og miklir ræktunarmöguleikar.“ BBSÞ, 414.

**SP-278:002** *Rörkofi* heimild um hesthús 572014 581166

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 um 30 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við hesthús 003. Það var á tungu milli tveggja lækja (oft nefnd Bæjartunga), á milli núverandi íbúðarhús og eldra bæjarstæðis 001.

Þar sem húsið stóð er nú ræktarlegur hóll. Hann er í tungunni milli Bæjarlækjar og annarrar



dældar sunnar er á kafi í grasi. Í honum stendur raflínustaur, sá syðsti í röð raflínustaura.

Húsið var nefnt Rörakofi eða Rörakofahús og var hesthús þegar Sólveig Magnúsdóttir, heimildamaður, man fyrst eftir sér. Húsið var síðar rífið. Staðurinn var upphaflega heimsóttur 2001 í tengslum við aðalskráningu fornminja. Þá var sagt frá að dæld væri greinanleg í hólnum þar sem útihúsið stóð. Þegar staðurinn var aftur heimsóttur vegna fyrirhugaða jarðstrengsframkvæmda árið 2021 sást engin dæld á hólnum vegna þykks snjós sem lá yfir öllu svæðinu.



*Staðsetning Rörkofa 002, horft til SSA.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919


**SP-278:014** tóft óþekkt

572063 581407

Tóft er á holti, um 220 m norðan við bæ 001 og rúmum 40 m austan við malbikaða heimreið að núverandi bæ jarðarinnar (b. 1950).

Tóftin er á lyngi vöxnu holt sem fer hækkandi upp til vesturs. 10-20 m austan tóftar lækkar landið snarlega og sléttlendi, frekar mýrlent, tekur við að Seljadalsá. Þegar skrásetjar var þar veturinn 2021 var svæðið á kafi í snjó.

Tóftin er þrískipt og er 25 x 7,5 m að stærð, en mjókkar til endanna og er breiddin þar um 5 m. Tóftin snýr nálega norður-suður. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir. Þeir eru stæðilegastir



*Tóft 014, horft til norðurs á ljósmynd.*

til austur og vesturs, um 1,2 m á hæð. Hólf A er syðst. Það er 5 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður með opi til austurs. Í miðju tóftarinnar er óljóst hólf (B) ekki jafndjúpt og hin. Innanmál þess er 3 x 2 m og það snýr norður-suður. Sennilega hefur verið gengið inn í það fyrir miðri austurhlið en það er þó frekar óljóst. Hólf C er nyrst. Það er stærst, allt að 10 x 4 m að innanmáli, snýr norður-suður en ekkert op er ljóst á því, þó vera megi að á austurhlið sé lítið op. Mögulega hefur garðlag legið frá tóftinni til vesturs nálægt norðurenda, það sést á um 9 m löngum kaffla en hverfur undir rask sem hefur orðið vegna heimreiðarinnar. Sömuleiðis er hugsanlega leifar af öðru garðlagi austan við norðurenda tóftarinnar. Það sést á 10 m löngum kaffla, er L-laga og um 1-2 m á breidd. Veggghæð er um 0,5 m. Óljóst er með hlutverk tóftarinnar, mögulega beitarhús.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-278:041** Tröð heimild um leið 572005 581189

Á túnakort frá 1919 er merkt heimreið sem kölluð var Tröð samkvæmt Sólveigu Magnúsdóttur, heimildarmanni. Hún man þó ekki eftir að traðirnar hafi verið upphlaðnar en þær lágu frá vesturjaðri túns og í 40-50 m til austurs, að bæ 001

Heimreiðin hefur legið um svæði sem hallar til austurs og er nú á kafi í órækt. Hún var fast norðan við lækjarfarveg. Þegar skrásetjari var þar veturinn 2021 var svæðið á kafi í snjó.

Engin merki traðanna má greina lengur en bíslóði liggur að hluta til á svipuðum slóðum en beygir til norðurs um 20 m ofan við trjáreit.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

## SP-282 Narfastaðir

1712: 30 hdr. Bændaeign. JÁM XI, 186.

1847: 15 hdr. JJ, 329.

Narfastaða er fyrst getið 6. maí árið 1536 en þá seldi Ari lögmaður Jónsson Páli Grímssyni nokkrar jarðir og fékk í staðinn m.a. Narfastaði. DI IX, 766.

1712 eru taldar með jörðinni eyðihjáleigurnar Ytragerði, Narfastaðasel (SP-283) og Syðragerði. JÁM XI, 187.

Narfastaðir B: Árið 1977 voru reist á jörðinni hús og 1/2 Narfastaðir teknir á leigu.

Túnakort 1919: Tún 5,1 ha, um 9/10 slétt. Sáðreitir 200 m<sup>2</sup>.

„Engjar öngvar, nema hvað hent er í úthögum innan um víðirunna. Úthagar eru góðir og miklir.“ JÁM XI, 186.

„Bærinn stendur norðan undir Narfastaðafelli, sem er bratt austan allt niður að Reykjadalssá. Þar í hlíðinni er töluverður birkiskógur. Suður og suðvestur frá bænum er hallalítill brekka upp á fellið. Vestan við bæinn er lágur háls. Landið er víðáttumikið og mjög vel gróið [...]. Segja má að túnræktarmöguleikar skipti hundruðum ha. [...].“ BBSÞ, 392.

Hér er eini skógurinn vestan ár í Reykjadal sem getið er í Jarðabók Árna og Páls árið 1712.

### SP-282:084 Gatnahjalli gata leið

577056 573622

Götur sjást á Gatnahjalla (örnefni í Örnefnasjá LMÍ) ofan/vestan við Stafnsveg 847 nærri raflínu (loftlínu). Götur eru inn við merki á mótum Stafni SP-284 og rúmum 3 km SSA við bæ 001. Ekki er ljóst á hvað leið göturnar eru en ætla má að þær séu á eldri leið milli Narfastaða og Stafns og sé að mestu komin undir Stafnsveg.

Á svæðinu er þýfður mói með birkikjarri og lyngi á hjalla í brattri hlíð.

Götur eru mjög óljósar og hefur orðið rask á svæðinu vestan við veginn, bæði vegna vegagerðar og stenglögna, líklega ljósleiðara. Aðeins var hægt að fylgja götum slitrótt á 60 m löngum kafla. Þær eru 2-3 saman á svæði sem er 3-5 m breitt og eru 0,2-0,3 m breiðar og 0,2-0,4 m djúpar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Leið á Gatnahjalla 084, horft til suðurs.

## SP-284 Stafn

1712: 10 hdr. Bændaeign. JÁM XI, 187.

21.7.1531: Jón biskup á Hólum gefr ærligri dandi kvinnu Ólofu Einarsdóttur jörðina Stafn í Reykjadal, DI IX, 595.

Í Stafni hefur sama ættin búið síðan 1837. Stafnsholt [SP-284b], í landi Stafns var í byggð 1845-1958. Var stundum nefnt Stafn á Fljótsheiði. Nú hafa verið reist fjögur býli úr gömlu Stafnsjörðinni: Vellir, nýbýli byggt 1937 á 3/16 hluta; Vallholt, nýbýli á 3/16 hluta; Fellshlíð, nýbýli stofnað 1959; Fellshlíð II, íbúðarhús byggt 1981, í landi Fellshlíðar. BBSÞ. 387-391.

Túnakort 1919: Tún 5 ha. þar af sléttað um  $\frac{3}{4}$ . Sáðreitir 150 m<sup>2</sup>.

„Býlið er syðst allra jarða að vestanverðu í Reykjadal. Áður landmikil jörð [...]. Land þessara jarða er mjög vel gróið, mest heiðarland með hrísmóum og mýrarsundum, gott sauðland. Til austurs hallar að Reykjadalssá [...].“ BBSÞ, 387.

**SP-284:001** *Stafn* bæjarhóll bústaður 577319 571058

Gamli bærinn í Stafni stóð nálega þar sem íbúðarhúsið í Stafni gerir nú. Bærinn stendur á bæjarhól fremur ofarlega (vestarlega) í túninu. Bærinn í Stafni var um 5,3 km sunnan við bæinn á Narfastöðum. Staðurinn var fyrst skráður árið 2008 en var heimsóttur aftur 2021 vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal. Úttektarsvæðið liggur yfir bæjarhólinn en engu er við fyrri lýsingu að bæta.


Íbúðarhúsið er á myndarlegum bæjarhól en fast norðan við rennur Bæjarlækurinn. Bíslóði liggur heim að bæ, upp á bæjarhólinn og annar slóði liggur fast austan við hólinn. Ofan (vestar) er stutt en fremur brött brekka.

Gamli bærinn stóð á sama stað og íbúðarhúsið í Stafni gerir nú. Torfbærinn var rifinn milli 1937 og 1939 en timburframhús, sem kom í stað þriggja bursta sem sneru fram á hlað, kom í stað gamla bæjarins að hluta. Suðurendi torfbæjarins stóð áfram, en þar voru tvær baðstofur; sú minni var sunnar en aftan við hana (suðvestar) var enn eldri baðstofa og undir henni fjós sem var í notkun allt þar til bærinn var rifinn. Yfirleitt var tvíbýlt í Stafni og í bæjarröðinni var fjóshlaða sem tilheyrði öðrum bænum



*Bæjarhóll Stafns 001, horft til norðvesturs.*





*Kort sem sýnir hnúsett túnakort Stafns SP-284 frá árinu 1919, skráðar minjar og línuleiðir.*

en stakstæð hlaða sem tilheyrði hinum bænum [009] stóð skammt sunnan við bæ. Smiðja var sambyggð fremri baðstofu að sunnanverðu og var það eina burstin sem eftir stóð af gamla torfbænum eftir byggingu framhússins. Smiðjan var síðar flutt upp á Tungu þar sem áður hafði verið hesthús, sjá 010, en það er nú reykkofti. Undir eldhúsi núverandi íbúðarhúss er enn grjóthlaðinn, handgrafinn kjallari sem er helmingur af stærð upprunalegs kjallara, enda var hann fylltur upp til hálf. Bæjarhóllinn er áberandi og allt að 3 m hár. Hann er um 70 x 40 m stór ef allt er talið en þó má kannski segja að hinn eiginlegi hóll fjarri út fyrir til suðurs og sé því nær því að vera 50 m langur norður-suður. Austurbrún hólsins er skýrust og bröttust en norðurhliðin er einnig mjög skýr en hana markar Bæjarlækurinn. Vesturhliðin fjarar út inn í brekkuna ofan við og suðurhliðin fjarar einnig út smám saman. Bygging íbúðarhúss með hlöðnum kjallara hefur án efa raskað

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

**SP-284:002** *Hesthúshóll* heimild um hesthús 577287 571102

„Norðan bæjar, á milli bæjarlæks og túnskurðar að norðan, heitir Hesthústunga, [...] og ofarlega í henni Hesthúshóll,“ segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 er sýnt hús á þessum stað tæpa 40 m norðvestur af bæjarhól 001. Hesthúshóll var þar sem nú er gróðurhús við íbúðarhúsið Vellir en á milli rennur Bæjarlækur. Húsið hefur verið 20-30 m ofan (vestan) við íbúðarhúsið á Völlum. Staðurinn var fyrst skráður árið 2008 en var heimsóttur aftur 2021 vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal. Úttektarsvæðið liggur yfir hólinn.

Hesthúshóll er grasi vaxinn hóll, rennisléttur. Örlitlar dældir eru á toppi hólins hér og þar en engar skýrar þústir enda var húsið þar sem gróðurhúsið er nú.

Ekkert sést til fornleifa. Hesthúsið var rífið í kringum 1950-60. Hlaða var við húsið auk tveggja votheysgryfja.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Stafn, 12

**SP-284:034** *Hesthúsbrot* heimild um hesthús 577326 571172

„Í suður [...] frá Kaldalækjarfarvegi] rétt við Stafnstúnið gamla, er Hesthúsbrot [...] Hesthúsbrot var gömul rúst,“ segir í örnefnaskrá. Húsið hefur verið þar sem nú eru sléttuð tún fast vestan við heimreiðina að Stafni um 100 m norður af bæ. Tóftarbrotið er löngu horfið. Staðurinn var fyrst skráður árið 2008 en var heimsóttur aftur 2021 vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal. Úttektarsvæðið liggur yfir minjastaðinn en engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Nú er sléttuð og slegin flöt norðan við íbúðarhús á þessum stað. Norðan við hana rennur lækur en svo tekur við mikið hvannstöð. Hesthúsið hefur líklega verið norðan við lækinn.

Engar minjar eru sjáanlegar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Stafn, 9

**SP-284:049** *Öskuhaugur* öskuhaugur 577312 571090

„Gegnt Stafnsbæ í norðurbarmi Bæjarlæks er Öskuhaugur,“ segir í örnefnaskrá. Snorri og Ólöf telja að ösku hafi verið hent víða við bæjarlækinn en umræddur haugur hefur verið fast utan við hornið á gamla bænum 001 og verið norðan við lækinn. Staðurinn var fyrst skráður árið 2008 en var heimsóttur aftur 2021 vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal. Úttektarsvæðið liggur yfir svæðið minjastaðinn en engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Mikill hvönn vex í bökkum lækjarins en stutt, grasi gróin brekka er við suðvesturhorn



bakgarðs íbúðarhússins á Völlum.

Ekki er greinilegur öskuhaugur á þessum stað en þó leynast sjálfsagt leifar hans víða, t.d í áðurgetinni brekku norðan lækjar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Stafn, 12

**SP-284:058** garðlag túngarður

577283 571129

Enn sjást leifar af túngarði víða umhverfis Stafnstún, þeim sama og hefur verið í notkun þegar túnakort var gert 1919. Þá var nýbúið að færa túnið út til austurs skv. Snorra Kristjánssyni. Túngarðurinn sést ennþá á nokkrum stöðum, m.a. ofan við túnið, beggja vegna við Bæjarlækinn. Hann má fyrst greina við lækjarsprænu, 40-50 m ofan (vestan) við raflínu sem þarna liggur um túnið. Þaðan liggur garðurinn með vesturjaðri túna í um 120 m að



*Túngarður 058, horft til suðvesturs.*

Bæjarlæk. Sunnan við Bæjarlæk heldur hefur garðurinn verið sambyggður Kvíhúsum 012 á kafla en því næst var op á honum þar sem traðirnar 051 lágu í gegn. Sunnan við þær hélt garðurinn svo áfram til suðurs í um 40 m. Leifar garðsins má greina á fleiri stöðum í túninu. Staðurinn var fyrst skráður árið 2008 en var heimsóttur aftur 2021 vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal. Úttektarsvæðið liggur yfir norðausturenda garðsins en engu er við fyrri lýsingu að bæta

Þar sem garðurinn er efst í túnu er hann í jaðri sléttaðra túna, efst í brekku.

Garðurinn er nokkuð misjafn. Norðan við Bæjarlæk er hann nokkuð völdugur syðst en verður svolítið minni um sig eftir að norðaustar dregur. Á þessum kafla er garðurinn samsíða skurði og má vera að uppkastið úr honum hafi ýkt garðinn talsvert. Þó er ólíklegt annað en að garðurinn sé eitthvað upphlaðinn í stofninn á þessum kafla. Á honum er garðurinn 0,5 m hár en 1,3 m breiður allra norðaustast en ofar (suðvestar) er hann allt að 1,1 m hár en 2-2,5 m breiður. Fast norðan við Bæjarlækinn er kálgarður 056 sambyggður túngarði. Kaflinn norðan við Bæjarlæk er algróinn. Sunnan við Bæjarlæk sleppir skurði. Þar liggur garðurinn upp úr Bæjarlækjargilinu skýr og greinilegur og með stórum steinum í vesturhlið. Frá Bæjarlæk ligg-

ur garðurinn í um 15 m að Kvíhúsum 012. Kaflinn sunnan við kvíarnar 035 er um 40 m langur og fjarar úr nálægt túnhorni. Þarna er garðurinn 2 m beiður en 0,7 m hár og algróinn. Samtals er garðurinn greinilegur á um 180 m löngu svæði ofan við tún.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

**SP-284:061** *Brunnhús* heimild um brunn 577295 571071

„Við bæjarlæk, rétt hjá bæjarhorni að vestan, er byggt yfir lækinn, til þess að hægt sé að ná til neyzluvatns í snjóþyngslum og heitir Brunnhús,“ segir í örnefnaskrá. Búið er að ryðja út leifum hússins og þar sem það stóð er mikil hvönn við lækinn. Brunnhúsið var byggt yfir lækinn beint norður af gamla bænum en aðeins ofar. Þar er nú allt á kafi í risahvönn en ummerki um húsið eru horfin. Staðurinn var fyrst skráður árið 2008 en var heimsóttur aftur 2021 vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal. Úttektarsvæðið liggur yfir minjastaðinn en engu er við fyrri lýsingu að bæta.

Þar sem húsið var er lækjarbakki, vaxinn hvönn.

Engar leifar Brunnhús eru sjáanlegar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Stafn, 13

## SP-285 Víðar

1712: 12 hdr. Konungseign. JÁM XI, 188.

1805 16 hdr. en árið 1847 aftur 12 hdr. JJ, 330.

Kuml fannst á jörðinni við jarðrask árið 1991.

1712 er nefnd ein eyðihjáleiga, Hallskot. JÁM XI, 187.

Einnig tilheyra jörðinni Víðasel, í byggð 1863-1926 og eyðibýlið Víðatóft (eða Einarsstaðir) við suðvesturhorn Mátvatns. Víðar fóru síðast í eyði 1974.

Túnakort 1919: Tún 4,2 ha. þar af sléttað  $\frac{3}{4}$ .

„Útigangur góður meðan niðri nær, en nokkuð snjósamur [...]. Engjar öngvar nema litlar í smáhvömmum víð og dreif, sem spillast af vatni, sem jetur úr rótina. Úthagar eru heilnæmir og víðlendir.“ JÁM XI, 188.

„Bærinn stendur á hól vestan undir ás á brún Víðagils. Þaðan fer landið smáhækkandi til suðausturs og er hæst í Víðafelli. Víðasel stendur sunnan undir Víðafelli,“ segir í örnefnaskrá Víða.

**SP-285:001** *Víðar* bæjarhóll bústaður

577865 572992


Gamli bærinn á Víðum er merktur austarlega fyrir miðju inn á túnakort frá 1919. Miðað við túnakortið hafa stafnar bæjarins líklega snúið til austurs. Samkvæmt Byggðum og búum var búið var á jörðinni til 1972 og ekki er lengur föst búseta þar og hluti jarðarinnar hefur verið tekinn undir skógrækt. Núverandi íbúðarhús (b. 1909) á jörðinni er á sama stað og gamli bærinn stóð. Bæjarhóllinn er því mikið raskaður og sjást engin ummerki lengur um torfhús þótt ógreinilega megi greina bæjarhóllinn á staðnum.

Gamli bærinn var rétt vestan við hálfgróið bjarg. Á þessu svæði er sléttað tún. Lengra til austurs er deiglent svæði þar sem grunnir vatnslitlir lækir renna um.

Búið er að rífa gamla bæinn. Svæðið er því nokkuð raskað, auk þes sem talsverður snjór var á svæðinu þegar skrásetjari var á vettvangi þar veturinn 2021. Ekki var því auðvelt að greina bæjarhóllinn: hann er þó a.m.k. 40



*Bæjarhóll Víða 001, horft til NNV.*



*Kort sem sýnir hnúsett túnakort Víða SP-285 frá árinu 1919, skráðar minjar og línuleiðir.*

x 30 m að stærð og snýr norður-suður, Mögulega hefur hann náð lengra til suðvesturs af loftmyndum að dæma. Hóllinn er 0,5-1,5 m á hæð. Hann hefur skýrar brúnir til austurs en meira aflíðandi til annarra átta. Ætla má að enn sé talsvert af óröskuðum mannvistarleifum í hólnum þó að hluta af honum hafi verið rutt út þegar íbúðarhúsið var byggt 1909. Ekki er vitað til þess að kjallari hafi verið í gamla bænum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919; BB (2005), 777



**SP-285:004** heimild um útihús

577884 573150

Útihús er merkt um 160 m NNA við bæ 001 inn á túnakort frá 1919. Miðlína úttekta svæðis vegna jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir þann stað þar sem húsið er merkt á túnakortið.

Þar sem útihúsið var er sléttáð tún.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði á þessum stað og hefur útihúsið verið rífið eða því rutt út og sléttáð í tún.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Túnakort 1919

**SP-285:005** tóft útihús

577915 573052

Útihús er merkt um 80 m norðaustan við bæ 001 inn á túnakort frá 1919. Útihúsið er rúmum 60 m norðan við núverandi heimreið að bænum. Aðeins vestasti hluti útihússins nær inn á áhrifasvæði framkvæmda vegna fyrirhugaðs jarðstrengs.

Útihúsið er í grónni brekku sem hallar lítllega til vesturs. Nokkuð deiglent er á svæðinu. Sunnan við útihústóftina er Bæjarlækur. Svæðið var á kafi í snjó þegar skrásetjari var á vettvangi þar veturinn 2021.



*Útihús 005, horft til austurs á ljósmynd.*

Tóftin er tvískipt. Hún er 15 x 12 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir nokkuð veglegir á vestur- og norðurhliðum. Þar eru þeir 1,2 m á hæð en ívið lægri á öðrum hliðum, 0,6-0,8 má hæð. Op er á tóftinni á tveimur stöðum, á miðri vesturhlið hennar og í norðausturhorni sem þó gæti verið ummerki um hrun. Það sést enn í viðarspýtur, mögulega stoðir, á suðurvegg tóftarinnar. Hólf A er í vesturhluta tóftarinnar. Það er 8 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf B er austan við hólf A. Ekki er skýr veggur milli hólfa. Sá veggur er hruninn og líklega mjög útflattur en erfitt var að greina hann

vegna snjós. Þó sést 0,5 m hár veggútur af honum syðst í tóftinni. Hólf B er ílangt, 10 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

**SP-285:036** gata leið 577860 573350

Leiðin er um 360 m norðan við bæ 001 og rúmum 300 m NNV við útihús 005. Leiðin var upphaflega skráð af Byggaðsafni Skagafjarðar sem skráði hluta af jörðinni vegna hugmynda um skógrækt á svæðinu. Byggaðsafnið skráði leiðina undir númerinu 1963-8. Ekki er vitað hvert leiðin lá.

Leiðin liggur gegnum mólendi, rétt norðan við gamla heimatún jarðarinnar. Svæðið var þakið snjó þegar skrásetjari var á vettvangi þar veturinn 2021.

Leiðin sást ekki á vettvangi 2021 vegna snjólags sem lá yfir jörðinni. Leiðinni var lýst svo af Byggaðsafni Skagafjarðar: „Götur liggja austan með norðurhluta túnsins, norður fyrir það og liggja a.m.k. norður að læk þeim sem rennur úr Máslæk, til vesturs og í Reykjadalásá. Göturnar eru á kafla vel greinilegar og voru skráðar að hluta á vettvangi og að hluta af loft-mynd þar sem þær sjást nokkur greinilega. Á einum stað virðist vera hlaðin brú yfir drag eða gamlan lækjarfarveg. Hlutverk er óvíst en eins og með götur [1963-7] virðist líklegra að þarna hafi verið reknar skepnur, frekar en að um reiðleið sé að ræða.“ Samkvæmt mælingu Byggaðsafnsins er leiðin um 220 m löng og liggur norður-suður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga 2018, 10



## SP-286 Márskot

1712: 5 hdr. Múlakirkjueign. JÁM XI, 189.

Bærinn hét fyrrum Mávratn, kotsnafnið kemur fyrst við sögu um 1700.

1569: „Kirkian í Mula beneficium [...]. Masuathn. landskyllid.x.aurar .þa þad fæst byggt.“ DI XV, 347.

Í örnefnaskrá er talað um gamlar rústir af eyðibýli, Þyrilskoti. Ö-Máskot, 4.

Túnakort 1919: Tún 3 ha. þar af sléttað um ¼.

„Engið er slitrótt og smáfengið í leirrunnum mýrum. Úthagar víðlendir og búgóðir.“ JÁM XI, 189.

Bærinn stendur í brekku neðan við þjóðveginn, þegar komið er upp að brún á Reykjadal austanverðum. „Landið er mjög vel gróið. Lyng og víðiholt og ásar eru til heiðarinnar, en neðan túns eru fyrst hálfllatar mýrar og síðan hálfdeigjur og grasmóar niður að gili er Reykjadalssá fellur í. Skammt frá bænum er Mávratn [...]. Úr vatninu rennur Máslækur nokkru fyrir sunnan túnið [...]. BBSÞ, 385.

„Bærinn stendur heldur óskjóllega, en útsýn er hvergi víðari né fríðari til vesturfjalla [...].“ LP I, 285.

### SP-286:001 *Márskot* bæjarhóll bústaður

579373 573424

Gamli bærinn er á sama stað og núverandi íbúðarhús jarðarinnar er, um 250 m vestan við Norðurlandsveg 1. Íbúðarhús sem enn stendur í Máskoti var byggt á árunum 1918-1919. Bæjarhóllinn er því mikið raskaður og sjást engin ummerki um bæjartóftir lengur. Auk núverandi íbúðarhúss á hólnum er við það norðanvert steipt útihús, líklega fjós og hlaða. Samkvæmt Byggðum og búum var búið á jörðinni til 1996. Ekki er lengur stundaður búskapur í Máskoti.



*Bæjarhóll Máskots 001, horft til norðurs.*

Bæjarhóllinn er nálægt miðju túni sem er í halla mót vestri. Land fer lækandi allt niður að Máslæk sem rennur í lægðardragi vestan bæjarins en hækkar svo á ný þegar yfir hann er komið. Svæðið var á þakið snjó þegar skrásetjari var á vettvangi veturinn 2021.



*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Máskots SP-286 frá árinu 1919, skráðar minjar og línuleiðir.*

Bæjarhóllinn er mjög greinilegur og allbrattur þegar staðið er vestan við hann en alveg sléttur að austanverðu. Ljóst er að honum hefur verið töluvert raskað við húsbýggingar en líklega er umtalsverð mannvist undir sverði þótt bygging núverandi íbúðarhúss hefur rutt í burtu hluta af bæjarhólnum. Þó er ekki sjáanlegt að grunnur íbúðarhússins sé mikið niðurgrafinn en undir fjósinu, sem er norðar, er haughús sem hefur verið grafið niður í hólinn. Að sunnanverðu er bæjarhóllinn allt að 2-3 m hár og nær sennilega 20 m fram (vestur) fyrir byggingarnar sem á honum standa. Stærð hans er 40 x 35 m og snýr hann h.u.b. norður-suður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919; BB (2005), 777

**SP-286:002** heimild um fjárhús

579417 573501

Útihús er merkt um 60 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 10 m suðaustan við útihús 003. Þetta var fjárhús samkvæmt Erlingi Teitssyni, heimildamanni.

Á þessum slóðum er steinsteypt fjárhús með hlöðu sem ekki eru lengur notuð. Deiglent er í kring um fjárhúsin. Fjárhúsin eru í mjög aflíðandi brekku sem hallar til suðvesturs. Allt var á kafi í snjó þegar skrásetjari var á vettvangi veturinn 2021.

Engin ummerki um gömlu fjárhúsin sjást lengur og hafa þau líklega alfarið lent undir nýju húsunum. Þó er dálítill hóll fast vestan við steypu fjárhúsin en líklega er hann að mestu úr jarðvegi sem ýtt hefur verið til framan við þau.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

**SP-286:003** tóft útihús

579412 573508

Útihús er merkt um 80 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 10 m norðvestan við útihús 002 inn á túnakort frá 1919. Tóftin var fyrst skráð árið 2002 vegna aðalskráningar formninja en var aftur heimsótt í nóvember 2021 vegna úttektar í tengslum við fyrirhugaðan jarðstreng og var eldri lýsingu þá breytt lítillega.



*Útihús 003, horft til NNV á ljósmynd.*

Tóftin er rétt norðvestan við steypu fjárhús. Deiglent er á þessum slóðum og er tóftin í gróinni brekku sem hallar smávægilega til suðvesturs.

Útihústóftin er ferköntuð en reyndar þakin snjó þegar skrásetjari var á vettvangi veturinn 2021. Þó er ljóst að hún hefur verið einföld, um 6,5 x 6,5 m að stærð og hafa dyr fyrir miðju suðausturhlið tóftarinnar. Grjót sést í utanverðum veggjum en ekki er hægt að greina umför. Veggir eru signir, 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

Götur eru norðarlega í landi Máskots, um 390 m NNV við bæ 001 og rúmum 240 m vestan við Norðurlandsveg 1.

Göturnar þræða hálf deiglent svæði. Vestan við göturnar er óræktað svæði en austan við þær og að Norðurlandavegi er meira mólendi. Svæðið var á kafi í snjó þegar skrásetjari var þar 2021.

Göturnar sáust illa á vettvangi vegna snjós en þó eru þær a.m.k. 0,3 m djúpar.

Göturnar eru á svæði sem er um 5 m á

breidd og stefna NNV-SSV. Á vettvangi var leiðinni fylgt á um 50 m löngum kafla. Þær sjást mjög greinilega á loftmynd af svæðinu, og er hægt að rekja þær á a.m.k. 700 m kafla. Óvíst er hvert þær lágu en mögulega er þetta gömul leið milli bæjar 001 og Þyrilskots (006) og eitt-hvað lengra til NNV.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Leið 019, horft til SSA.*



## **SÞ-290 Stóru-Laugar**

1712: 60 hdr. Bændaeign. JÁM XI, 191.

1847: 30 hdr. JJ, 330.

Hálfkirkja var á jörðinni. JÁM XI, 191.

Jarðarinnar er getið í Reykdælu og nefnist þá Laugar. ÍF X, 239.

25.5.1560: Skipti á Stóru-Laugum fyrir Hafralæk: „[...] að [til]greindur Torfi [bóndi Þorsteinsson] selldi [...] Sira Sigurdi Jonssyni jördina alla stóru Lauga í Reykiadal með aullum gognum og gæidum. eignum og itaulum í iordu og á sem greindri iordu fylgt hefur að fornu og nyu og frekast með laugum að fylgia til laugligrar ummerkia við onnur laund þad fremsta hann var eigandi að ordinn. Sagdi Torfi bondi þad landamerki á milli Andottstada og stóru Lauga gard þann sem geingi ofan epter fiallinu og vr þeim gardzenda rettsine ofan í á. En landamerki í milli lithlv lauga og stóru Lauga í gardinn fyrir sunnan stóra stein [...] land fram á heidi með ummerkium ed kallad er Laugabugar. skogarpert ætti og Laugar yfer uid flíot með vmmerkivm er kalladur uæri Laugafleki. torfskurð í Torfdal í Hóla land sem uid þirfti. og Laugar ættj ueidi í Reykiadalsá fyrir sinu landi.“ DI XIII, 486-7.

„Árið 1712 er jörðin hin eina í hreppnum, sem er í sjálfsábúð. Þá býr þar Hólmsfríður Björnsdóttir sýslumannsekkja, mjög rík og á margt jarða.“ LP I, 288.

Jörðin átti selstöðu „með tilliggjandi landi á jörðin á heiðinni fram frá Reykjadal í Laugátungu“ metna á 10 hdr. „Skógarpart takmarkaðan á jörðin fyrir vestan Fljótshéiði, sem Laugafleki kallast og meinast liggja í Helgastaða landi [...]. Vetrarþeitt brúkar jörðin í Hóla landi mót engjataka, sem Hólar brúka hjer, en móskurð á jörðin í Hóla land, sem áður hefur brúkast, en síðan torfskurðurinn lagðist niður, þá hefur þeittin í hans stað brúkast.“ JÁM XI, 192.

Árið 1712 er eyðihjáleigan Laugarhóll talin með jörðinni. JÁM XI, 192.

Á Stóru-Laugum hafa, í seinni tíð, bæði risið nýbýli og íbúðarhús: Nýbýlið Laugavellir, stofnað 1938 á 1/4 hluta Stórulauga, nú orðið hálfenda Stórulauga; 1980, Laugarberg, íbúðarhús í landi Stórulauga, 7,8 ha. lands; Laugagerði, íbúðarhús í landi Stórulauga byggt 1965-66, á 600 fermetra lóð. BBSÞ, 367-71.

Túnakort 1919: Tún 8,6 ha. þar af sléttað u.þ.b. ½. Sáðreitir 1270 m².

„Enginu spillir vatnságangur úr f<j>allinu, sem jetur úr rótina og gjörir mosa og róleysu, so engið sprettur þar fyrir lítt. Úthagar eru mjög litlir að víðáttu en sámilega grösugir.“ JÁM XI, 192.

Stórulaugar var talin ein besta jörð sveitarinnar. Þar hafa nú verið ræktuð mikil tún og er brekkan fyrir neðan mjög grasgefin. Á Stórulaugum er jarðhiti og eru hús hituð upp með laugarvatni. BBSÞ, 367.

Stórulaugar standa í brekkurótum niður af Hvítafelli. Jörðin á mikið engi og frjótt út og niður á láglendið, og nefnist þar Stórulauganes. Það er mjög grasgefið en ekki greiðfært. Í brekkunum suður og upp af bænum er mikill jarðhiti.“ LP I, 288.



*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Stórulauga SD-290 frá árinu 1919, skráðar minjar og línuleiðir.*



**SP-290:007** *Hólshús* heimild um fjárhús 575228 582264

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 200 m sunnan við bæ 001. Eru það að öllum líkindum Hólshús: „Mjög sunnarlega á gamla túninu, örstutt neðan við vallargarðinn [021], voru fjárhús, er nefndust Hólshús. Þar ofan við vallargarðinn er Hólshúsholt. Þar er nú íbúðarhúsið Laugarberg,“ segir í viðbótum við örnefnaskrá.

Hólshús voru í túni, fast suðvestan við vegarstæði Austurhlíðarvegar 846. Túnið er í aflíðandi halla til vesturs.

Engar minjar sjást um útihúsið vegna sléttunar og er líklegt að vegagerð hafi einnig raskað leifum af fjárhúsunum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Stórulaugar viðb., 3

**SP-290:009** heimild um landamerki 574558 583206

„Að norðan eru merkin móti Öndólfstöðum skammt norðan við Músabrotseyri við Reykjadalssá, um sunnanvert Langholt, bein lína upp í Varnargil. Þegar kemur upp á brún liggja merkin um Flóa, sem er drög að Þegjandisdal. Þaðan liggja þau um Selhlíð í Hvítafellinu, og mótar þar fyrir gömlu garðlagi, sem hefur verið talið merki milli Stórulauga og Öndólfstaða,“ segir í örnefnaskrá. Merki milli Stórulauga og Öndólfstaða voru skoðuð á stuttum kafla í mýrlendi ofan og austan Austurhlíðarvegar 846 þegar áhrifasvæði rafstrengs í jörðu var tekið út veturinn 2021.

Gamalt tún er sunnan við merkin í landi Stórulauga en norðan við er þýft mýrlendi.

Þar sem úttektin fór fram sáust ekki ummerki um garðinn sem kann að vera sokkinn í mýrina en líklegt er að leifar af honum sjáist ofar í hlíðinni. Girt er á merkjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Stórulaugar, 1

**SP-290:021** garðlag túngarður 575011 582463

Vallargarður í túni hér og þar; búið að slétta hann yst og neðst í túni, við Þríhyrnu og svo er hann sunnan við Gerðulág,“ segir í örnefnaskrá. Unnin var deiliskráning í landi Stórulauga snemma vetrar 2021 vegna raflagnar sem fyrirhugað er að plægja í jörðu í austanverðum Reykjadal. Raflögnin liggur í gegnum gamla heimatúnið á Stórulaugum fast neðan og norðvestan við Austurhlíðarveg 846 sem liggur um sveitina. Þar fer lögnin yfir túngarð sem sýndur er á túnakorti frá 1919 en hann er horfinn þar vegna sléttunar og sést ekki á yfirborði. Reyndar má

greina línu í túninu á loftmynd þar sem garðurinn var í norðvesturenda túnsins. Ekki voru aðrir hlutar túngarðsins skoðaðir á vettvangi en þeir sem voru innan skráningarsvæðisins 2021 en á loftmynd má sjá að hann er heillegur á 130 m löngum kafla niður við Reykjadalásá, vestast í túninu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Stórulaugar, 2,3; Túnakort 1919

**SP-290:028** heimild um kálgarð 575278 582172

Á túnakorti frá 1919 eru tveir afgangir kálgarðar þétt saman rúmum 50 m suðaustan við gamla heimatúnið og 290 m sunnan við bæ 001. Þeir voru í aflíðandi halla til vesturs.

Mikið rask hefur orðið vegna vegagerðar þar sem kálgarðarnir voru og engin ummerki sjást lengur um þá.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

**SP-290:035** þúst útihús 575023 582455

Óljós þúst er í sléttu túni neðan og vestan Austurhlíðarveggar 846. Hún er innan gamla heimatúnsins og er líklegt að útihús hafi verið á þessum stað en það er þá ekki sýnt á túnakorti frá 1919. Þústin er 150 m vestan við bæ 001.

Túnið er í aflíðandi halla til suðvesturs og er það í rækt.

Þústin er um 16 x 11 m stór og snýr nánast norður-suður. Hún er skýrt afmörkuð til suðvesturs þar sem hún er 0,5 m há. Mótar óljóst fyrir innanmáli í suðvesturhluta.



*Þúst 035, horft til austurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-290:036** garðlag óþekkt 575169 582315

Í heimatúni Stórulauga virðist vera útflatt garðlag í suðvesturhluta túnsins, suðvestan við Austurhlíðarveg 846 sem liggur í gegnum túnið. Er meintur garður 150 m SSV við bæ 001

og 80 m norðvestan við Hólshús 007.

Garðurinn er í nokkuð afgerandi lægð í sléttuðu túninu og í aflíðandi halla til suðvesturs.

Búið er að slétta yfir garðinn og er hann nánast alveg ógreinanlegur á yfirborði en þó var hægt að rekja hann á kaffa í túninu þar sem er mjög óljós hryggur. Garðurinn er 85 m langur ASA-VNV og svo virðist hann sveigja til SSV á um 15 m löngum kaffa þar sem hann hættir að sjást. Á loftmyndum virðist garðurinn halda stutt áfram til ANA frá ASA- enda en það sést ekki á yfirborði. Ekkert er vitað um aldur eða hlutverk þessa garðs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## **SP-292 Öndólfstaðir**

1712: Jarðardýrleika ekki getið. Konungseign. JÁM XI, 192.

1847: 20 hdr. JJ, 330.

Bærinn var áður nefnd Öndóttstaðir og fleiri rithættir finnast í fornum skjölum, en Öndóttstaðir mun vera hið elsta.

Öndólfstaða er getið í Reykdælu. ÍF X, 165, 185. Vémundur kögur bjó hér á söguöld, maður stórættaður, en óeirinn. Annars staðar í sögunni er bær Vémundar nefndur Fell (undir Felli), en sennilega er að þar sé einnig átt við Öndólfstaði, því það nafn ætti líka vel við hann.

20.2.1556: Vitnisburður um landamerki Öndóttstaða í Reykjadal; „Suo felldan uitnisburd ber ec Þorsteinn Jonsson ad ec hefi nær allann minn alldur uistfastur verit i Reykjadal og er ec nu lxx ara gamall [...] ad landamerke a mille Storu Lauga og Ondottzstada være það ad jordinn storu Laugar ætti land allt ut fra sier jtolulaust j þann gard er geingur fyrir utan gilz-barminn þess gilz er geingur ofan ur fjallinu a milli Lauga og Ondottzstada og suo þadan j Gipugerdis tungard er geingur fyrer sunnan sialft gerdit og suo rettsynes ur þeim tungardz enda uestur j Reykiadalzaa. bio ec a Ondottzstodumnockur ar og uar meir alldrei su jord lengra sudur bygd enn j þann tungard sem girtur er um greint gerdi fyrir sunnan það sjalft og það sagde Are heitinn Jonsson mier er þ uar logmadur og þa med eignan nafne hieilt Ondottzstradi og mier þa bygdi ad hann ætti ei leingra sudur enn j þann sydra tungardinn a Gipugardi [...].“ DI XIV, 460-61.

Jörðinni var skipt 1954 og á henni stofnað nýbýli. Auk þess á bóndinn á Stórulaugum enn hluta í Öndólfstöðum, 1986. BBSÞ, 365-366.

Túnakort 1919: Tún 3,8 ha. Þar af sléttað um 1/2.

„Túninu spillir vatn, sem jetur úr rótina og gjörir mýri. Enginu spillir Reykjadalssá með sand-áburði og möl. Úthagar eru nægir [...]. Vatnsból bregst stundum í frostavetrum, og er þá vatnsvegur í lengra lagi í Reykjadalssá.“ JÁM XI, 193.

„Bærinn stendur á lítilli hæð skammt frá austurbrekku. Undirlendið milli ár og brekku er nú að mestu ræktað tún. Bakkarnir við ána voru víða þurrir, en flatlendið ofan við bakkana hefur að mestu verið þurrkað og ræktað. Brekkan ofan bæjar er fremur snöggland, þar er nú skógarreitir [...].“ BBSÞ, 365.

**SP-292:001 Öndólfstaðir** bæjarhóll bústaður 574080 584326

„Bærinn stóð niðri á smáhól, Bæjarhól. Vestan við hólinn, á bak við bæinn, er laut, og suður með henni var buna í Bæjarlæknum, sem vatnið var sótt í,“ segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn er merktur rétt fyrir norðan miðju heimatúns inn á túnakort frá 1919. Bærinn var um 50

m vestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1952). Gamli bærinn er nokkuð raskaður vegna sléttunar. Snjór var á svæðinu þegar skrásetjari var á vettvangi veturinn 2021. Samkvæmt Sigríði Hlyni Helgasyni Snæbjörnssyni, heimildamanni, sjást nokkur hólf á hólnum þegar enginn snjór er yfir honum.



*Bæjarhóll Öndólfstaða 001, horft til norðurs.*

Bæjarhóllinn er suðvestan við trjálund. Rétt norðvestan við hólinn er steypt súrheysgryfja. Til vestur lækkar landið skarpt og þar er sléttað tún og akvegur. Lengra til vesturs er Reykjadalsá.

Bæjarhóllinn sést ágætlega þrátt fyrir snjó á svæðinu og að búið sé að slétta yfir hann. Hóllinn er 25 x 25 m að stærð. Hann er hæstur fyrir miðju, 0,5 m á hæð en lækkar hratt til allra átta. Brúnir hólsins eru ekki skýrar í snjónum og

mögulega hefur hann náð lengra til norðurs og suðurs. Ekki er vitað til þess að kjallari hafi verið í gamla bænum. Orri Vésteinsson, fornleifafræðingur, skráði bæjarhóllinn 2010 við betri aðstæður og nefnir að grjót hafi sést víða í sverði á hólnum en honum hafi að hluta verið rutt vestur af hólbrúninni. Orri sá engin mjög afgerandi hólf á bæjarhólnum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Öndólfstaðir, 4

**SP-292:021** *Stekkjjarhóll* örnefni stekkur 574348 583649

„Sunnan við bæ er Stekkjarhóll. Ofan við hólinn er lækur, sem heitir Stekkjarhólslækur. Þetta er falleg lind sem kemur úr brekkunni ofan við hólinn,“ segir í örnefnaskrá. Stekkjarhóll er norðvestan við Berjalaut og rétt sunnan við Stekkjahólstún, um 730 m SSA við bæ 001 og um 45 m austan við Austurhlíðarveg 846. Örnefnin Stekkjarhóll og Stekkjarhólstún gefa til kynna að stekkur hafi verið á hólnum eða í nágrenni við hann.

Milli Stekkjarhóls og Reykjadalsár er nokkuð deiglent svæði. Þar liggur Austurhlíðarvegur jafnframt NNV-SSA. Stekkjarhóllinn er nokkuð gróinn og til austurs er fjallshlíð.

Engin ummerki um stekk sjást á Stekkjarhól. Allt svæðið var þakið snjó þegar skrásetjari var á vettvangi veturinn 2021. Ekki er útilokað að einhver ummerki um stekkin sjáist við betri skráningarskilyrði. Hóllinn er í jaðri úttekarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs og ekki var gengið um stórt svæði utan þess í leit að stekknunum. Ekki er útilokað að stekkurinn sé fremur



í grennd við Stekkjarhólstún en á eða við Stekkjarhól.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Öndólfstaðir, 3



*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Öndólfstaða SP-292 frá árinu 1919, skráðar minjar og línuleiðir.*

**SP-292:038** þúst óþekkt

574050 584320

Gróin þúst er 35 m vestan við bæ 001 og um 20 m NNA við þúst 039. Þústin er innan heimatúns eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1919 og hefur mögulega verið útihús þar. Ekkert útihús er sýnt á þessum stað á túnakortinu sem gefur til kynna að útihúsið hafi verið farið úr notkun 1919 eða byggt eftir að kortið var gert.

Þústin er í sléttu en mishæðóttu túni. Til suðurs er núverandi heimreið. Snjólag var yfir svæðinu þegar skrásetjari var á vettvangi veturinn 2021.

Þústin er um 6 m í þvermál og er 0,4 m á hæð. Hún hefur skýrar ytri brúnir en ekki sést móta fyrir innri brúnum veggja. Mjög sennilega leynist einhver mannvist þarna undir þó sléttað hafi verið yfir þústina. Ekki er þó hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræða.



*Þúst 038, horft til suðurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

**SP-292:039** þúst útihús

574044 584297

Þúst er rúmum 50 m suðvestan við bæ 001 og um 20 m SSV við þúst 038. Þústin er innan heimatúns eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1919 og er mögulega leifar af útihúsi. Ekkert útihús er sýnt á þessum stað á túnakortinu sem gefur til kynna að útihúsið hafi verið farið úr notkun 1919 eða byggt eftir að kortið var gert.

Þústin er rétt norðan við núverandi heimreið að bænum, í sléttu og mishæðóttu túni. Snjólag var yfir svæðinu þegar skrásetjari var á vettvangi veturinn 2021.

Þústin er um 12,5 x 9 m að stærð og snýr norður suður. Hún er 0,3-0,6 m á hæð, hæst er hún til suðurs en lækkar mjög hratt eftir því sem norðar dregur. Þústin er skýrt afmörkuð að norðanverðu. Ekki sést móta fyrir innri brúnum veggja. Í henni er líklega enn talsvert af mannvistarleifum þó að búið sé að slétta yfir tóftina, Ekki er þó hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-292:040** heimild um traðir

574089 584310

Traðir lágu að bæ 001 úr ASA samkvæmt túnakorti frá 1919.

Þar sem traðirnar lágu er nú sléttað svæði, rétt sunnan og vestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1952).

Engin ummerki um traðir sjást lengur vegna sléttunar. Ekki er vitað hvort traðirnir hafi verið hlaðnar eða ekki.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

## SP-294 Halldórstaðir

1712: 26 hdr. með Halldórsstaðapartinum (19 1/3 hdr. án). Konungsjörð. JÁM XI, 193.

1712 er ein hjáleiga, Halldórsstaðapartur, talin með jörðinni, sjá Partur SP-293. JÁM XI, 194.

Nýbýlið Akrar var byggt á 1/2 Halldórsstöðum 1939 á melhól skammt frá ánni sunnan Halldórsstaða. Halldórsstaðir fóru í eyði 1976.

Túnakort 1919: Tún 6,7 ha. þar af sléttað um 5%.

„Túninu spillir kalda snjóvatn, sem jetur úr rótina. Enginu spillir til stórskaða Reykjadalssá með sandsáburði. Úthagar eru nægir fyrir sauðfje, en haglitlir fyrir stórgripi, og því leigir ábúandi beit af Helgastöðum [...]“. JÁM XI, 194.

Gömul jörð í Reykjadal nyrst að austan. Úthagi vel gróinn og gott beitiland. BBSP, 433, 364.

„Jörðin á hlíðina alla út að Vestmannsvatni og hið syðsta af Vatnshlíðarskógi og engi mikið milli ár og hlíðar. Þetta hefur jafnan þótt væn jörð og nytjagöð. Túnið og bærinn eru á all-langri hæð í brekkurótum.“ LP I, 290

### SP-294:032 vegur leið

573903 585462

Mannvirki, líklega upphlaðinn vegur, er um 260 m SSA af núverandi íbúðarhúsi á Halldórsstöðum. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir veginn.

Vegurinn liggur um deigt mýrlendi með smápollum sitthvoru megin garðins. Austan við veginn liggur malarvegur til norðurs að Halldórsstöðum en vestan garðsins rennur Reykjadalssá.

Vegurinn liggur norðaustur-suðvestur og er um 60 m langur en fjarar smám saman út til beggja enda. Hann er grasi vaxinn, um 10-15 cm hár og 5,5 m breiður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Vegur 032, horft til VNV.*

## SP-661 Fornleifar á fleiri en 1 jörð

SP-661:053\_01 gata leið

572889 585513

Greinileg reiðleið er í mólendi austan Aðaldalsvegur 845 í landi Helgastaða SP-267 og Hamra SP-269. Ætla má að þessi leið sé alfaraleið um vestanverðan Reykjadal. Hluti hennar var skráður snemma vetrar 2021 þegar unnin var deiliskráning vegna raflagnar sem fyrirhugað er að plægja í jörðu í vestanverðum Reykjadal. Á þessari leið er upphlaðin torfbrú 053\_02 yfir mýrardælu í landi Helgastaða. Suður-endi leiðarinnar sést á mörkum túns og mólendis litlu norðvestan við útihúsastæðu við Hamratjörn. Götuskorningar sjást í móa utan við gamalt tún, nú í órækt, en sjást lítið í túninu.



*Leið 053\_01, horft til norðausturs.*

Leiðin var rakin á stuttum kafla af jörðu niðri á mörkum stórþýfðs móa og túns sem ekki er lengur í rækt í landi Hamra en hún var svo rakin áfram af loftmynd að túnnum í landi Helgastaða.

Þar sem leiðin var skoðuð á vettvangi eru götur á svæði sem er 15-20 m breitt. Þær eru niðurgrafnar, víða 0,5 m djúpar og 0,3 m breiðar. Á loftmynd sést leiðin á 730 m löngum kafla í landi Helgastaða og Hamra.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Sunnan við heimatúnið á Helgastöðum SP-267 og norðan við Bessastaði SP-267:011 er nokkuð afgerandi lægð í túninu, mýrardæla. Svo virðist sem að upphlaðin brú liggja yfir hana og var hún að öllum líkindum samgöngubót á leið 053\_01 um vestanverðan Reykjadal.



*Brú 053\_02, horft til norðurs.*

Sléttuð tún eru allt í kringum dæluna en þýft næst henni. Vatn stóð í henni þegar skráningar-maður var á vettvangi í vetrarbyrjun 2021.

Brúin er 67 m löng og liggur norður-suður. Hún er 3-4 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Brúin er mjög þýfð og miðhluti hennar fer á kaf þegar vatn stendur í mýrardælunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-661:054** *Skriðugötur* heimild um leið

571465 591379

„Niður af vörðunum er aflíðandi út, og heitir þar Skriðugötur, er liggja á ská upp og út geirana upp á suðurenda Fögruhlíðar,“ segir í örnefnaskrá Sýrness. Skriðugötur lágu frá Sýrnesi (SP-263) að Rauðuskriðu (SP-258). Þær sjást næst Sýrnesi um 200 m vestur af bæ. Leiðin var athuguð í landi Sýrness, skammt vestan við Aðaldalsveggar. Þar sáust göturnar ekki vegna snjóa en leiðin var skráð snemma vetrar 2021.

Leiðin liggur um stórþýft mólendi og upp brattar en grónar hlíðar vestan við Aðaldalsveg 845. Bíslóði sem liggur frá vegamótum Aðaldalsveggar og heimreiðar að Sýrnesi til vesturs að hlíðarrótum er um 15 m sunnar en leiðin.

Á loftmynd má rekja Skriðugötur alls um 1,4 km leið frá Aðaldalsvegi í norðvestur að merkjum við Lindarhlíð og sjást þar frá einni upp í um 20 götur sem dreifast mest á um 60 m breitt svæði. Leiðin sést ekki austan Aðaldalsveggar nær Sýrnesi þar sem að á þeim kafla eru nú slétt tún. Ekki sjást skýr merki um leiðina á loftmynd í landi Lindarhlíðar eða Rauðuskriðu. Deiliskráningarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs um Reykjadal liggur yfir austasta sjáanlega hluta Skriðugatna, og á þeim hluta leiðarinnar sést ein gata.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Sýrnes, 2



## V. Niðurstöður og umræða

Alls voru skráðar 73 fornleifar á eða við úttekarsvæðin sjö, á 18 jörðum. Úttekarsvæðin voru að mestu innan heimatúna en einnig í úthögum jarðanna og tengjast skráðar minjar flestar búsetu, landbúnaði og samgöngum. Úttekarsvæðin liggja einnig yfir umfangsmikil minjarsvæði fornra eyðibýla: Litla-Sýrnes SP-263:006 í landi Sýrness, Ytraeyjardalsársel SP-163:029 í landi Hvarfs og nafnlaust býli SP-165:024 í landi Hlíðarenda. Þessum fornu minjaheildum og öðrum minjum á úttekarsvæðinu hefði verið raskað með lagningu jarðstrengs eftir upphaflegri verkhönnun og er því augljóst mikilvægi þess að fornleifaskráning fari fram áður en jarðstrengir eru lagðir í jörðu.



Graf 1: Ástand skráðra fornleifa.

Yfirborðsummerki sáust um 77% skráðra fornleifa og er það nokkuð hátt hlutfall í þéttbýlum sveitum líkt og þeim sem hér eru til umfjöllunar. Um er ræða fjölbreytta minjastaði, s.s. bæjarhóla, ýmiss konar útihús, túngarða og landamerkjagarða. Ekki sást til 23% skráðra fornleifa og voru það í langflestum tilvikum staðir innan heimatúna sem hafa horfið vegna sléttunar og annars nútímarasks.

Tafla 1: Skráðar fornleifar og ástand þeirra.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
SP-163:030		tóft	óþekkt	hleðslur standa grónar
SP-163:031		tóft+garðlag	óþekkt	hleðslur standa grónar
SP-164:017_03		tóft	beitarhús	hleðslur signar
SP-263:006_01	Litla-Sýrnes	bæjarstaði	býli	hleðslur signar

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
SP-068:060		heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar
SP-068:063		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
SP-163:029_02		garðlag	túngarður	hleðslur signar
SP-163:029_03		gerði	rétt	hleðslur signar
SP-163:032		gata	leið	sést til
SP-163:033_01		tóft	óþekkt	hleðslur standa grónar
SP-163:033_02		þúst	óþekkt	sést til
SP-164:017_01		tóft	beitarhús	hleðslur signar
SP-164:017_02		tóft	óþekkt	hleðslur signar
SP-164:018		gata	leið	sést til
SP-164:019		gata	leið	sést til
SP-165:024_01		garðlag	túngarður	hleðslur signar
SP-165:025		garðlag	túngarður	hleðslur signar
SP-165:026		garðlag	landamerki	hleðslur signar
SP-165:027_01		gerði	óþekkt	hleðslur signar
SP-263:006_04		tóft	útihús	hleðslur signar
SP-263:006_05		tóft	útihús	sést til
SP-263:006_06		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
SP-263:006_07		garðlag	túngarður	hleðslur signar
SP-263:011		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
SP-264:001	Hólkot	bæjarhóll	bústaður	sést til
SP-264:008		garðlag	landamerki	sést til
SP-264:012		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
SP-264:013		garðlag	óþekkt	hleðslur signar
SP-264:014		garðlag	túngarður	hleðslur signar
SP-266:006	Merkjagarður	garðlag	landamerki	hleðslur signar
SP-266:020		tóft	útihús	hleðslur signar
SP-266:021		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
SP-267:011	Bessastaðir	bæjarstæði	býli	ekki sést til fornleifar
SP-267:012	Vestara-Gerði	garðlag	óþekkt	hleðslur signar
SP-267:029		gata	leið	sést til
SP-269:013		garðlag	landamerki	hleðslur signar
SP-272:028	Draugalág	örnefni	draugur	sést til
SP-272:043		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
SP-272:051		tóft	heystæði	hleðslur signar
SP-272:057		garðlag	óþekkt	hleðslur standa grónar
SP-278:002	Rörkofí	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar
SP-278:014		tóft	óþekkt	hleðslur standa grónar
SP-278:041	Tröð	heimild	leið	ekki sést til fornleifar
SP-282:084	Gatnahjalli	gata	leið	sést til
SP-284:001	Stafn	bæjarhóll	bústaður	sést til

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
SP-284:002	Hesthúshóll	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar
SP-284:034	Hesthúsbrott	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar
SP-284:049	Öskuhaugur	öskuhaugur	öskuhaugur	ekki sést til fornleifar
SP-284:058		garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar
SP-284:061	Brunnhús	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
SP-285:001	Viðar	bæjarhóll	bústaður	sést til
SP-285:004		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar
SP-285:005		tóft	útihús	hleðslur standa grónar
SP-285:036		gata	leið	sést til
SP-286:001	Márskot	bæjarhóll	bústaður	sést til
SP-286:002		heimild	fjánhús	ekki sést til fornleifar
SP-286:003		tóft	útihús	hleðslur signar
SP-286:019		gata	leið	sést til
SP-290:007	Hólshús	heimild	fjánhús	ekki sést til fornleifar
SP-290:009		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
SP-290:021		garðlag	túngarður	hleðslur signar
SP-290:028		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar
SP-290:035		þúst	útihús	sést til
SP-290:036		garðlag	óþekkt	hleðslur útflattar
SP-292:001	Öndólfstaðir	bæjarhóll	bústaður	sést til
SP-292:021	Stekkjarslóll	örnefni	stekkur	ekki sést til fornleifar
SP-292:038		þúst	óþekkt	sést til
SP-292:039		þúst	útihús	sést til
SP-292:040		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
SP-294:032		vegur	leið	hleðslur útflattar
SP-661:053_01		gata	leið	sést til
SP-661:053_02		hleðsla	brú	hleðslur signar
SP-661:054	Skríðugötur	heimild	leið	sést til

Af 73 skráðum fornleifum lentu 67 innan úttektarsvæðanna og voru því metnar í stórhættu vegna framkvæmda. Fimm fornleifar rétt utan við úttektarsvæði voru metnar í hættu vegna framkvæmda. Ein fornleif (SP-272:051) var metin í stórhættu vegna trjáræktar en hún var um 9 m utan úttektarsvæðis og því einnig í hættu vegna framkvæmda. Við gerð hættumats er það metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki sé gripið til sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella er hætta hvorki talin óhjákvæmileg né óyfyrstíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastað. Mögulegt er að komast hjá raski á nánast öllum minjastöðum innan úttektarsvæðanna með tilfærslu á jarðsteng og merkingu á minjastöðum. Tillögur um flutning á strengleið voru lagðar fram að vettvangsúttekt lokinni. Hér fyrir neðan eru þær



fornleifar taldar upp sem áætluð strengleið lá yfir fyrir uppfærslu. Fleiri minjar voru þó innan úttektarsvæðanna sem einnig þarf að taka tillit til þar sem hætta getur verið á að þær raskist við framkvæmdir þó þær liggi ekki beint í strengleiðinni. Allar skráðar fornleifar má sjá á minjakortum hér í þessum kafla og í Viðauka II sem og uppfærða strengleið RARIK út frá skráðum minjum.



*Úttektarsvæði 1 í Reykjadal.*

## Reykjadalur

Reykjadalur liggur til suðurs inn af Aðaldal. Eftir dalnum rennur Reykjadalsá og fellur í Vestmannsvatn en úr Vestmannsvatni rennur Eyvindarlækur í Laxá í Aðaldal. Land er vel gróið og er nokkurt þéttbýli við Laugar, í dalnum miðjum. Alls voru tekin út fimm svæði í

Reykjadal, samtals um 24,9 km og þar skráðar 54 fornleifar á 15 jörðum.

Á úttektarsvæði 1 lá fyrirhuguð strengleið yfir Skriðugötur SP-661:054 sem lágu frá Rauðuskriðu í Aðaldal að Sýrnesi, hugsanlegan landamerkjagarð SP-263:011 milli Sýrness og fornbylisins Litla-Sýrness, sem og minjar tengdar býlinu, garðlag SP-263:006\_06 og túngarð SP-263:006\_07. Einnig lá leiðin yfir þann stað þar sem merkjagarður SP-264:008 var milli Sýrness og Hólkots, en engin merki fundust um hann á vettvangi. Í landi Hólkots lá strengleiðin yfir leifar gamla túngarðsins um heimatúnið SP-264:014 og merkjagarð SP-266:006 milli Hólkots og Höskuldstaða. Í landi Höskuldstaða var einnig tóft SP-266:020 á strengleiðinni og fornlegt garðlag SP-266:021. Í landi Helgastaða lá strengleiðin yfir leifar garðlags Vestara-Gerðis SP-267:012, á merkjum Hamra og Helgastaða var hlaðið garðlag SP-



Úttektarsvæði 2 í Reykjadal.






*Úttektarsvæði 3 í Reykjadal.*

269:013 og í landi Hamra lá reiðleið SP-661:053\_01 yfir úttektarsvæðið. Í landi Vallakots sem byggt var úr landi Einarstaða lá strengleiðin einnig yfir garðlag SP-272:057.

Ein fornleif var undir áætlaðri strengleið á úttektarsvæði 2 en það var fornleg tóft SP-278:014, mögulega af beitarhúsum, í landi Kvígindisdals.

Á úttektarsvæði 3 lá strengleiðin yfir líklegan upphlaðinn veg SP-294:032 í landi Halldórsstaða, bæjarhól Öndólfstaða SP-292:001 og tvær minjar þar við, þúst SP-292:039, hugsanlega af útihúsi, og traðir SP-292:040, sem ekki sjást þó merki um á yfirborði. Einnig lá leiðin yfir þann stað þar sem merkjagarður SP-290:009 Öndólfstaða og Stórulauga var en ekki fundust merki um hann á úttektarsvæðinu á vettvangi, né heldur um túngarð Stórulauga SP-290:021 en þó má greina merki um túngarðinn á loftmynd. Innan gamla heimatúns



Úttektarsvæði 4 (vestara) og 5 (austara) í Reykjadal.

Stórulauga lá strengleiðin auk þess yfir þúst SP-290:035, líklega leifar af útihúsi.

Syðst á úttektarsvæði 4 lá fyrirhuguð strengleið yfir bæjarhól Stafns SP-284:001 og þar sem brunnhús SP-284:061 áður stóð, en engin merki sáust um brunnhúsið á yfirborði þó líklegt sé að þar séu minjar undir sverði.

Á úttektarsvæði 5 lá fyrirhuguð strengleið yfir leið SP-285:036 og þann stað þar sem útihús SP-285:004 stóð í landi Víða, leið SP-286:019 í landi Máskots og bæjarhóla beggja bæja SP-285:001 og SP-286:001.

*Eftir uppfærslu á áætlaðri strengleið er sveigt framhjá flestum þeim minjum sem taldar hafa verið upp hér að ofan en á úttektarsvæði 1 liggur fyrirhuguð leið þó enn yfir **Skriðugötur SP-661:054** í landi Sýrness, **túngarð SP-264:014** í landi Hólkots, **landamerkjagarð SP-***



**269:013** milli Hamra og Helgastaða og leið **SP-661:053\_01** í landi Hamra. Á úttektarsvæði 3 liggur leiðin yfir **bæjarhól Öndólfstaða SP-292:001** og **túngarð Stórulauga SP-290:021**. Einnig liggur uppfærð strengleið yfir þann stað þar sem útihús er merkt er á túnakort frá 1919 í landi Öndólfstaða en staðurinn er utan þess svæðis sem skoðað var á vettvangi. Á úttektarsvæði 4 liggur strengleiðin yfir **bæjarhól Stafns SP-284:001** og **brunnhús SP-284:061** við bæinn, og á úttektarsvæði 5 liggur strengleiðin yfir **leið SP-285:036** og **bæjarhól Víða SP-285:001**. Leiðin sveigir framhjá þeim stað þar sem **útihús SP-285:004** er merkt á túnakort Víða en taka verður fram að staðsetning útihúsa á túnakortum er ekki alltaf hárnákvæm og því ekki útilokað að minjar sé að finna undir sverði víðar á því svæði.

Á úttektarsvæði 2 var nyrsti hluti áætlaðar strengleiðar færður á svæði sem ekki var kannað á vettvangi, en þar sem uppfærð leið liggur fast meðfram þjóðvegi 1 má telja ólíklegt að þar sé minjar að finna. Uppfærð strengleið á nyrsta hluta úttektarsvæðis 3 liggur hins vegar yfir gamla heimatún Halldórsstaða, þar sem líklegra má þykja að minjar leynist undir sverði. Á úttektarsvæði 5 var stór hluti línuleiðar einnig færður yfir á svæði sem ekki var kannað á vettvangi. Í landi Víða liggur nýja strengleiðin meðfram leið sem skráð var af Byggðasafni Skagfirðinga árið 2018 en ekki er vitað hvort fornleifar sé að finna þar sem áætluð línuleið liggur nú í landi Máskots. Mun Minjastofnun Íslands þurfa að skera úr um hvort frekari athugana eða annarra mótvægisáðgerða sé þörf.

## **Bárdardalur**

Bárdardalur er einn lengsti byggði dalur landsins og nær inn að mörkum Sprengisands og Ódáðahrauns. Skjálfandafljót rennur eftir dalnum sem víða einkennist af grónu hrauni. Tekið var út eitt svæði, um 4,2 km langt og voru þar skráðar 16 fornleifar í landi jarðanna Eyjadalsár, Hvarfs og Hlíðarenda.

Á merkjum jarðanna Hvarfs og Eyjadalsár lá fyrirhuguð strengleið yfir eða rétt hjá fornlegum beitarhúsum SP-164:017\_01, tóft SP-164:017\_02 sem og túngarði SP-163:029\_02 og rétt SP-163:029\_03 sem tilheyra fornbylinu Ytraeyjadalsárseli, auk tveggja leiða SP-164:018 og SP-164:019. Á merkjum Eyjadalsár og Hlíðarenda lá strengleiðin yfir landamerkjagarð SP-165:026, en þar sem leiðin lá í gegnum rof á garðinum var ekki gerð tillaga um færslu leiðarinnar á þeim stað. Í landi Hlíðarenda lá strengleiðin einnig yfir túngarð ónefnds en fornlegs býlis SP-165:024\_01 skammt sunnan við merki jarðarinnar móti Eyjadalsá og skammt norðan bæjarins í Hlíðarenda lá leiðin yfir gerði SP-165:027\_01.

*Uppfærð strengleið RARIK sveigir framhjá öllum skráðum minjum nema **leið SP-163:032** í landi Eyjadalsár, sem óvíst er hvort að orðið hafi til eftir umferð manna eða skepna. Strengleiðin liggur að mestu um svæði sem athuguð voru á vettvangi að frátöldum þeim stað þar*



sem strengleiðin var færð á merkjum Hvarfs og Eyjadalsár og mun Minjastofnun Íslands þurfa að skera úr um hvort frekari athugana er þar þörf.



Úttektarsvæði 6 í Bárðardal.

## Fnjóskadalur

Fnjóskadalur er austan Vaðlaheiðar. Dalurinn er langur og gróðursæll en undirlendi fremur lítið. Um dalinn rennur Fnjóská. Tekið var út eitt svæði, um 1,3 km langt, á mótum Fnjóskadals og Ljósavatnsskarðs innan jarðarinnar Háls. Aðeins voru tvær fornleifar skráðar innan svæðisins og voru það heimildir um túngarð SP-068:060 og leið SP-068:063, en hvorug þessara minja sést lengur á yfirborði.

*Engin uppfærsla var gerð á strengleiðinni, en mögulegt er þó að leifar af **túngarði SP-068:060** leynist undir sverði á þessu svæði.*



*Úttektarsvæði 7 í Fnjóskadal.*

Hafa ber í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við lagningu jarðstrengsins og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

Tafla 2: Fjöldi skráðra fornleifa eftir jörðum.

Númer jarðar	Heiti jarðar	Svæði	Fjöldi skráðra fornleifa
SP-068	Háls	Fnjóskadalur	2
SP-163	Eyjadalsá	Bárðardalur	7
SP-164	Hvarf	Bárðardalur	5
SP-165	Hlíðarendi	Bárðardalur	4
SP-263	Sýrnes	Reykjadalur	6
SP-264	Hólkot	Reykjadalur	5
SP-266	Höskuldsstaðir	Reykjadalur	3
SP-267	Helgastaðir	Reykjadalur	3
SP-269	Hamrar	Reykjadalur	1
SP-272	Einarstaðir	Reykjadalur	4
SP-278	Kvígindisdalur	Reykjadalur	3
SP-282	Narfastaðir	Reykjadalur	1
SP-284	Stafn	Reykjadalur	6
SP-285	Víðar	Reykjadalur	4
SP-286	Márskot	Reykjadalur	4
SP-290	Stóru-Laugar	Reykjadalur	6
SP-292	Öndólfstaðir	Reykjadalur	5
SP-294	Halldórsstaðir	Reykjadalur	1
SP-661	Fornl. á fl. en 1 jörð	Reykjadalur	3



## Heimildir

- BBSÞ (2005):** Ragnar Þorsteinsson. 2006. Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 2005. Án útgáfustaðar: Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga.
- BBSÞ:** Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir, and Erlingur Arnórsson. 1986. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. Án útgáfustaðar: Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.
- Birna Lárusdóttir. 2002. *Fornleifakönnun: Vegarþætur á Mývatnsheiði*. FS176-02071. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Bryndís Zoëga & Guðný Zoëga. 2018. *Fornleifaskráning vegna skógræktar á Viðum í Reykjadal*. Sauðárkróki: Byggðasafn Skagfirðinga.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn 1857-1950*. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn & Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Fasteignaskrá:** Þjóðskrá. Fasteignir. Sótt af: <https://www.skra.is/leit-i-fasteignaskra/>.
- Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Meningarminjar í Hálshreppi. Svæðisskráning*. FS165-01031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Guðrún Alda Gísladóttir & Orri Vésteinsson. 2001. *Meningarminjar í Reykdælahreppi. Svæðisskráning*. FS151-01021. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Hildur Gestsdóttir & Sædís Gunnarsdóttir. 2001. *Meningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal. Svæðisskráning*. FS129-00111. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- HJ:** Hallgrímur Jónsson. 1985. *Á slóðum manna og laxa*. Akureyri: Skjaldborg.
- ÍF VII:** *Grettis saga Ásmundarsonar*. 1936. Íslenzk fornrit VII. Guðni Jónsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- ÍF X:** *Ljósvetninga saga með þáttum. Reykdæla saga ok Víga-Skútu. Hreiðars þáttur*. 1960. Íslenzk fornrit X. Björn Sigfússon, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- JÁM XI:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1943. XI. bindi. Þingeyjarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- JJ:** J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- LP I:** Jón Sigurðsson. *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. 1954. Reykjavík: Helgafell.
- SSÞ:** *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. 1994. Reykjavík: Gott mál.
- Sturlunga:** *Sturlunga saga*. 1988. I.-II. bindi. Örnólfur Thorsson, ritstj. Reykjavík: Svart á hvítu.

## Óútgefnar heimildir

*ÍSLEIF*, gagnagrunnur um fornleifar. Fornleifastofnun Íslands.

**Túnakort 1918/1919:** Túnakort í Bárðdælahreppi, Hálshreppi og Reykdælahreppi. 1918 & 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Einarsstaðir:** Örnefnaskrá Einarsstaða. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík:

- Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Helgastaðir A.G:** Örnefnaskrá Helgastaða. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Helgastaðir M.J:** Örnefnaskrá Helgastaða. 1936. Margeir Jónsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Hólkot:** Örnefnaskrá Hólkots. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Höskuldsstaðir:** Örnefnaskrá Höskuldsstaða. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Máskot:** Örnefnaskrá Máskots. 1982. Björg Aradóttir skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Stafn:** Örnefnaskrá Stafns. 1967. Ari Gíslason og Páll H. Jónsson skráðu. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Stórulaugar:** Örnefnaskrá Stórulauga. 1966. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Stórulaugar viðb:** Viðbætur við örnefnaskrá Stórulauga. 1981. Aðalgeir Aðalsteinsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Sýrnes:** Örnefnaskrá Sýrness. 1966. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Öndólfstaðir:** Örnefnaskrá Öndólfstaða. 1982. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.





## Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X (A)	Y (N)
SP-068:060	551663	582678
SP-068:063	551589	582589
SP-163:029_02	567181	571129
SP-163:029_03	567175	571133
SP-163:030	567828	569558
SP-163:031	567890	569384
SP-163:032	567918	569291
SP-163:033_01	567789	569725
SP-163:033_02	567791	569721
SP-164:017_01	567026	571466
SP-164:017_02	567031	571471
SP-164:017_03	567071	571461
SP-164:018	567042	571435
SP-164:019	567077	571341
SP-165:024_01	568035	568801
SP-165:025	568312	568120
SP-165:026	568004	569049
SP-165:027_01	568234	568145
SP-263:006_01	571362	591086
SP-263:006_04	571385	591078
SP-263:006_05	571372	591047
SP-263:006_06	571397	591101
SP-263:006_07	571410	591159
SP-263:011	571422	591248
SP-264:001	571316	590018
SP-264:008	571425	590666
SP-264:012	571266	589895
SP-264:013	571302	589979
SP-264:014	571283	589959
SP-266:006	571299	589370
SP-266:020	571519	588377
SP-266:021	571598	588123
SP-267:011	572916	586574
SP-267:012	572893	586849
SP-267:029	572851	586109
SP-269:013	572853	585797
SP-272:028	572813	582946
SP-272:043	572940	583495
SP-272:051	572812	583188
SP-272:057	572939	583829

Samtala	X (A)	Y (N)
SP-278:002	572014	581166
SP-278:014	572063	581407
SP-278:041	572005	581189
SP-282:084	577056	573622
SP-284:001	577319	571058
SP-284:002	577287	571102
SP-284:034	577326	571172
SP-284:049	577312	571090
SP-284:058	577283	571129
SP-284:061	577295	571071
SP-285:001	577865	572992
SP-285:004	577884	573150
SP-285:005	577915	573052
SP-285:036	577860	573350
SP-286:001	579373	573424
SP-286:002	579417	573501
SP-286:003	579412	573508
SP-286:019	579139	573768
SP-290:007	575228	582264
SP-290:009	574558	583206
SP-290:021	575011	582463
SP-290:028	575278	582172
SP-290:035	575023	582455
SP-290:036	575169	582315
SP-292:001	574080	584326
SP-292:021	574348	583649
SP-292:038	574050	584320
SP-292:039	574044	584297
SP-292:040	574089	584310
SP-294:032	573903	585462
SP-661:053_01	572889	585513
SP-661:053_02	572929	586609
SP-661:054	571465	591379




## **Viðauki II: Minjakort**

Kort á næstu síðum eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.






# Yfirlit: Svæði 1 – Reykjadalur




0 0,25 0,5 0,75 1 km





# Svæði 1 – Reykjadalur I



0 50 100 150 200 m




# Svæði 1 – Reykjadalur II





264008

0 50 100 150 200 m





# Svæði 1 – Reykjadalur III






# Svæði 1 – Reykjadalur IV



266006










# Yfirlit: Svæði 2 – Reykjadalur



I

II

0 0,25 0,5 0,75 1 km




# Svæði 2 – Reykjadalur I





272051

272028





# Svæði 2 – Reykjadalur II










# Yfirlit: Svæði 3 – Reykjadalur



I

II

III

IV


0 0,25 0,5 0,75 1 km



# Svæði 3 – Reykjadalur I



294032






# Svæði 3 – Reykjadalur II



0 50 100 150 200 m






# Svæði 3 – Reykjadalur III



292021

290009

0 50 100 150 200 m





# Svæði 3 – Reykjadalur IV



290021

290035

290036

290007

290021

290028

0 50 100 150 200 m










# Yfirlit: Svæði 4 – Reykjadalur



0 0,25 0,5 0,75 1 km






# Svæði 4 – Reykjadalur I



282084

0 50 100 150 200 m





# Svæði 4 – Reykjadalur II



284034

284058

284002

284049

284061

284001



0 50 100 150 200 m







# Yfirlit: Svæði 5 – Reykjadalur





# Svæði 5 – Reykjadalur I



285036

285004

285005

285001

0 50 100 150 200 m





# Svæði 5 – Reykjadalur II



286019

286003  
286002

286001


0 50 100 150 200 m







# Yfirlit: Svæði 6 – Bárðardalur



0 0,25 0,5 0,75 1 km





# Svæði 6 – Bárðardalur I



1640172  
1640171 1640173  
1640174  
164018

164019

1630298

1630294

1630295

1630293

1630296

1630292

1630297

1630291


1630151

1630152

1630153

1630299

0 50 100 150 200 m





# Svæði 6 – Bárðardalur II



163033 1  
163033 2

163030

163031

163032





# Svæði 6 – Bárðardalur III



163032

165026

165024 3


165024 4

165024 5

165024 2


165024 1

0 50 100 150 200 m






# Svæði 6 – Bárðardalur IV



0 50 100 150 200 m









# Svæði 7 – Fnjóskadalur



0 50 100 150 200 250 m

